

A photograph of a museum archive. The background is filled with numerous black and white photographs of people, some in frames and some loose. There are also some papers and folders visible. A large black rectangular box is overlaid on the center of the image, containing white text. The text reads "Musée Islandique" on the first line and "Ólöf Nordal" on the second line. The overall scene suggests a collection of historical or personal photographs.

Musée Islandique

Ólöf Nordal

Musée de l'Homme



Musée Islandique – Tete en plâtre d'Islandais, donné par M. Gaimard, 1839 (*Gifshaus af Íslendingi, gefinn af hr. Gaimard, 1839 / Plaster cast of an Icelander, a gift from Mr. Gaimard, 1839*) Photos 64 × 60 cm. 2010



Musée Islandique – Buste en plâtre de Bjarni Johnson, Islandais, moulé sur le vivant par M. Stahl, peint par M. Froment, 1855 (*Brjóstmynd af Bjarna Jónssyni, Íslendingur, afsteypa af lifandi fyrirmynd eftir hr. Stahl, máluð af hr. Froment. 1855 / Plaster bust of Bjarni Jónsson, an Icelander, cast by Mr. Stahl from a life model, painted by Mr. Froment. 1855*) Photo 90 × 90 cm. 2010

Bustes et mains d'Islandais, moulés sur le vivant par M. Stahl et donnés par S.A.I. le Prince Napoléon (*Brjóstmyndir og hendur af Íslendingum, afsteypur af lifandi fyrirmyndum eftir hr. Stahl, gefnar af hans hátign prins Napoléon / Busts and hands of Icelanders, cast by Mr. Stahl from living models given by his Majesty Prince Napoléon*)




Musée Islandique – Buste en plâtre d'Arne Magnussen Armott, paysan, né le 22 avril 1805 à Rhorlaksharn. Islandais (*Brjóstmynd úr gífsi af Árna Magnússyni bónda í Ármóti, fæddur 22. apríl 1805 í Þorlákshöfn. Íslendingur / Plaster bust of Árni Magnússon, farmer of Ármót, born April 22nd 1805 in Þorlákshöfn. Icelandic*) Photo 90 × 90 cm. 2010



Musée Islandique – Moulage de la main d'Arne Magnussen Armott, paysan, né le 22 avril 1805, Island (*Afsteypa af hendi Árna Magnússonar bónda í Ármóti, fæddur 22. apríl 1805 í Þorlákshöfn, Íslandi / Cast of the hand of Árni Magnússon, farmer of Ármót, born April 22nd 1805 in Þorlákshöfn, Iceland*) Photos 35 × 50 cm. 2010




Musée Islandique – Buste en plâtre de Skafta Skartasen, né à Reykjavik le 2 juillet 1805, mécanicien. Islandais (*Brjóstmynd úr gífsi af Skafta Skaftasyni, fæddur í Reykjavík 2. júlí 1805, vélvirki. Íslendingur / Plaster bust of Skafti Skaftason, born in Reykjavík, July 2nd 1805, mechanic. Icelandic*) Photo 90 × 90 cm. 2010



Musée Islandique – Moulage de la main de Skafta Skartasen, né à Reykjavik le 2 juillet 1805, mécanicien. Islandais (*Afsteypa af hægri hendi Skafta Skaftasonar, fæddur í Reykjavík 2. júlí 1805, vélvirki / Cast of the right hand of Skafti Skaftason, born in Reykjavík, July 2nd 1805, mechanic*) Photo 35 × 50 cm. 2010



Musée Islandique – Buste en plâtre de Ragnheiður Olafs Datter, née le 5 février 1838 à Auteots Gulbringasysset, servante. Islandaise (*Brjóstmynd úr gífsi af Ragnheiði Ólafsdóttur, fædd 5. febrúar 1838, Álftanesi, Gullbringusýslu, þjónustustúlka. Íslendingur / Plaster bust of Ragnheiður Ólafsdóttir, born February 5th 1838 at Álftanes, Gullbringusýsla, maidservant. Icelandic*) Photo 90 × 90 cm. 2010



Musée Islandique – Moulage de la main gauche de Ragnheiður Olafs Datter, née le 5 février 1838 à Auteots Gulbringasysset, servante Islandaise (*Afsteypa af vinstri hönd Ragnheiðar Ólafsdóttur, fædd 5. febrúar 1838 á Álftanesi, Gullbringusýslu, íslensk þjónustustúlka / Cast of the left hand of Ragnheiður Ólafsdóttir, born February 5th 1838 at Álftanes, Gullbringusýsla, Icelandic maidservant*) Photos 35 × 50 cm. 2010



Musée Islandique – Buste en plâtre de Sigríður Bjarnadóttir, 24 ans, née à Reykjavik, servante. Islandaise (*Brjóstmynd úr gífsi af Sigríði Bjarnadóttur, 24 ára, fædd í Reykjavík, þjónustustúlka. Íslendingur / Plaster bust of Sigríður Bjarnadóttir, aged 24, born in Reykjavík, maidservant. Icelandic*) Photo 90 × 90 cm. 2010



Musée Islandique – Buste en plâtre de Thorci Arnadóttir, 24 ans, née à Reykjavik, servante. Islandaise (*Brjóstmynd úr gífsi af Þórunni Árnadóttur, 24 ára, fædd í Reykjavík, þjónustustúlka. Íslendingur / Plaster bust of Þórunn Árnadóttir, aged 24, born in Reykjavík, maidservant. Icelandic*) Photo 90 × 90 cm. 2010



Musée Islandique – La main gauche de Sigríður Bjarnadóttir et Thorci Arnadóttir, serveurs islandais (*Vinstri hönd Sigríðar Bjarnadóttur og Þórunnar Árnadóttur, íslenskar þjónustustúlkur / The left hand of Sigríður Bjarnadóttir and Þórunn Árnadóttir, Icelandic maidservants*) Photos 35 × 50 cm. 2010



Musée Islandique – Partie antérieure du torse, moulage du membre supérieur gauche, moulage du membre inférieur gauche de Fridrika Guðmundsdóttir, née à Reykjavik le 28 janvier 1819. Islandaise (*Framhluti bols, afsteypa af vinstri framhandlegg, afsteypa af vinstri fótlegg Fríðriku Guðmundsdóttur, fædd í Reykjavík, 28. janúar 1819. Íslendingur / Front of torso, cast of left arm, cast of left leg of Fríðriku Guðmundsdóttir, born in Reykjavík, January 28th 1819. Icelandic*) Photo 70 × 90 cm. 2010



Musée Islandique – Partie antérieure du torse, moulage du membre supérieur gauche, moulage du membre inférieur droit de Guðrun Bjarnadóttir née à Narfastadir en 1839. Islandaise (*Framhluti bols, afsteypa af vinstri handlegg, afsteypa af hægri fótlegg Guðrúnar Bjarnadóttur, fædd á Narfastöðum 1839, Íslendingur / Front of torso, cast of left arm, cast of right leg of Guðrún Bjarnadóttir, born at Narfastaðir in 1839, Icelandic*) Photo 70 × 90 cm. 2010



Musée Islandique – Moulage du membre inférieur droit d'Ólafur Ólafson, paysan né à Haonefjord en 1830, Islandais (*Afsteypa af hægri fótlegg Ólafs Ólafssonar bónda, fæddur 1830 í Húnafljódi, Íslendingur / Cast of right leg of Ólafur Ólafsson, farmer born in Húnafljódi in 1830, Icelandic*) Photo 115 × 90 cm. 2010

Musée Islandique Ólöf Nordal

.....
Inngangur að Musée Islandique
Halldór Björn Runólfsson

2

.....
**Aðdráttarafli líkamsmann-
fræðinnar í verki Ólafar Nordal**
Musée Islandique
Æsa Sigurjónsdóttir

4

.....
***Musée Islandique*: Líkams-
mannfræði og myndlist mætast**
Gísli Pálsson
Sigurður Örn Guðbjörnsson

42

.....
Introduction to Musée Islandique
Halldór Björn Runólfsson

3

.....
**The attraction of physical
anthropology in Ólöf Nordal's**
Musée Islandique
Æsa Sigurjónsdóttir

5

.....
***Musée Islandique*: an encounter
between physical anthropology
and art**
Gísli Pálsson
Sigurður Örn Guðbjörnsson

41

Inngangur að Musée Islandique

Halldór Björn Runólfsson

Hver ætli sé ráðgátan að baki röð af brjóstmyndum, bókum og útlimum úr gífsi af ýmsu íslensku bændafólki og sjómönnum frá 19. öld sem finna má í fórum héraðssafns í höfuðstað Kanaríeyja? Ólöf Nordal, einn af spurulustu samtímalistamönnum okkar, hefur eytt undanförunum árum í rannsóknir á furðulegu afsteypusafni af löndum sínum, sem upphaflega er til húsa í Musée de l'Homme, Mannfræðisafninu í París. Afsteypur af þessum afsteypum af Íslendingum voru greinilega seldar El Museo Canario, rétt fyrir aldamótin 1900, til þess að fylla upp í eyðurnar á mannfræðisafni Kanaríeyinga af öllum manngerðum í heiminum.

En hví skyldu afsteypur af fjarlægum eyjar-skeggjum á vestustu eyju Evrópu lenda í safni á syðstu evrópsku eyjum Atlantshafsins? Með því að rýna í heimild frá síðasta tug nítjándu aldar, eftir hinn margfróða heiðursfélaga El Museo Canario, Don Diego Ripoché y Torrens, sem er einfaldlega kölluð *Stúdía – Estudio* – opinberast fyrir lesanda hvað það var sem Don Diego Ripoché fannst svo mikilvægt þegar hann lagðist í skriftir um ríkulegan sjóð af norrænum uppruna í safninu á Kanaríeyjum.

Líkt og svo margir samferðamenn hans var Don Diego frá sér numinn yfir hinni mikilfenglegu hugmynd um kynþætti og uppruna, hina þrjá meginstofna mannkynsins, sem hann greindi í svarta, gula og hvíta, í samræmi við uppskrift Arthurs de Gobineau, úr hinni áhrifamiklu ritgerð hans *Essai sur l'inégalité des races humaines – Ritgerð um ójöfnuð milli kynþátta mannkyns* – frá 1855.

Gobineau, sem var ákafur konungssinni og áður franskur sendiherra í Persíu, hafði komist að þeirri niðurstöðu að óöldin í Evrópu á 19. öld var einkum vegna áhrifa lýðræðisvakningar, sem runnin væri undan rötum hörmulegrar en óhjákvæmilegrar kynþáttablöndunar. Hinn þunglyndi Gobineau fann litla huggun í þeim áhrifamiklu heimsveldum, sem stjórnuðu mestu af jörðinni sunnan við miðbaug. Helsta von hans var Norður-Evrópa, þar sem hvíti kynstofninn virtist ennþá vera býsna óspilltur. Hvað það varðar voru Norðurlöndin ef til vill hans óskaland.

Don Diego Ripoché var ekki í vafa um að El Museo Canario hefði gert rétt í að eignast afsteypusafnið af Íslendingunum úr Mannfræðisafninu í París, þótt afsteypurnar af afsteypunum hefðu ekki verið ódýrar. Það að safna saman eins fullkomnu safni af kynþáttum veraldar og unnt væri, var að hans mati eina leiðin til að gera greinargóðan samanburð á kynstofnum veraldar og varpa með því skýru ljósi á aldalangt og óbreytanlegt stigveldi mannkynsins.

Það tók síðan þetta sama mannkyn hálfra öld í viðbót að hreinsa heimsmálin af varasömum hugsjónum Gobineaus og Dons Diegos Ripoché, þótt félagslegar afleiðingar þeirra séu enn meðal okkar í öllu tilliti. Hin ætlaða áður nefnda misnotkun á gífsafsteypum frá Íslandi, í safninu í Las Palmas, bíður enn umræðu og nákvæmari athugun á gifsmótum Jérômes Napoléon á lifandi Íslendingum er enn á frumstigi. Hvort prinsinn vissi af skrifum Gobineaus skal ósagt látið og bíður frekari rannsókna á sögu mannfræðinnar. Glöggskyggni Ólafar Nordal og skilningur á listrænum afleiðingum leiðangurs hans til Íslands ber þó nær takmarkalausri áræðni hennar fagurt vitni.

Frekari athugun hennar á sögu íslenskrar mannfræði er enn ein staðfesting á þverrandi mörkum milli heims myndlistar og vísinda. Póstmodernísk rannsókn þekkir engar hindranir í heimi þar sem áhugasvið verða æ minni séreign og tæknivæðing opnar okkur dyr til stöðugt fleiri mála af blönduðum toga. Vesalings Arthur de Gobineau og Don Diego Ripoché hefðu bara átt að verða vitni að þessari þróun.

Listasafn Íslands langar að þakka Ólöfu Nordal fyrir þessa einstæðu sýningu, sem og öllum þeim sem stuðluðu að tilurð hennar. Sérstakar þakkir og kveðjur eru færðar Háskólasjóði, Háskóla Íslands fyrir mikilvægan stuðning. Þá vill Listasafnið færa þeim Gísla Pálssyni prófessor, Sigurði Erni Guðbjörnssyni og Æsu Sigurjónsdóttur lektor þakkir fyrir upplýsandi framlag þeirra.

Introduction to Musée Islandique

Halldór Björn Runólfsson

What might be the reason for an array of plaster casts of busts, torsos and limbs of various 19th century Icelandic farmers and fishermen being kept in a local museum in Las Palmas de Gran Canaria, the capital of the Canary Islands? Ólöf Nordal, one of the most inquisitive of contemporary Icelandic artists has spent the last years studying the curious collection of casts of her fellow countrymen, originally housed in the Musée de l'Homme, in Paris, but apparently reproduced and sold to the Museo Canario before the beginning of the last century, in order to complete its collection of anthropological types found throughout the world.

Why did these casts of remote Icelanders from the westernmost island of Europe end in a museum on the southernmost European islands in the Atlantic? By reading a document from the last decade of the 19th century, by the illustrious honorary member of El Museo Canario, Don Diego Ripoché y Torrens, simply titled *Estudio – Study* – one gets an idea of what Don Diego Ripoché thought was so important when writing about the rich contribution of Nordic provenance in the Museo Canario.

As so many of his contemporaries Don Diego was captivated by the grandiose idea of race and origin, the three major trunks constituting humanity, which he divided into black, yellow and white, according to the scheme drawn by Arthur de Gobineau, in his seminal *Essay of the Inequality of the Human Races – Essai sur l'inégalité des races humaines* – from 1855.

Gobineau, a fervent royalist and a former French ambassador to Persia, had come to the conclusion that the turmoil in 19th century Europe was mainly due to democratization brought about by the deplorable, yet inevitable mixing of races. The pessimistic Gobineau found little solace in the dominating empires, which ruled most of the world south of the Equator. His main hope lay with Northern Europe, where white supremacy seemed still rather unspoiled, and in this respect Scandinavia was perhaps his promised land.

Don Diego de Ripoché was in no doubt that El Museo Canario had done right in acquiring the collection of casts of the Icelanders from the Musée de l'Homme in Paris, although it had not been inexpensive. Gathering a collection as complete as possible of the different races of the world was for him the only means to get a fair comparison of the world peoples and hence bring to light unequivocally the immemorial, immovable intellectual hierarchy of humanity.

It took this same humanity half a century more to sort out and rid world politics of the hazardous ideals of Gobineau and Don Diego Ripoché, although the social consequences are still with us in every respect. The alleged aforementioned misuse of the plaster casts from Iceland in the Canaries is still to be discussed, and a deeper investigation into Jérôme Napoléon's molding of living people in Iceland in 1856 is yet to be carried out. Whether the prince was aware of Gobineau's writings is a question left for future research in the history of anthropology, but Ólöf Nordal's keen eye for the artistic consequences of his expedition in Iceland is yet another sign of her artistic bravura, which knows few limits.

Her consequent investigation into the history of Icelandic anthropology, is a further token of the fading limits between the domain of visual arts and that of science. Post-modernistic enquiry knows no barriers in a world where concerns are less and less a private property and technology opens for us the doors to an ever wider field of mixed interest. Poor Arthur de Gobineau and Don Diego Ripoché should have witnessed this development.

The National Gallery of Iceland would like to thank Ólöf Nordal for this outstanding exhibition, as well as all the dedicated people who made it come true. Special thanks and greetings to the University Fund (Háskólasjóður) of the University of Iceland, for their precious support, as well as to Professor Gísli Pálsson and Sigurður Örn Guðbjörnsson, and Senior lecturer Æsa Sigurjónsdóttir for their enlightening contribution.

Aðdráttarafl líkamsmannfræðinnar í verki Ólafar Nordal *Musée Islandique*

Æsa Sigurjónsdóttir

Verk Ólafar Nordal, *Musée Islandique* (Íslandssafnið), er margrætt hugmyndaverk sem m.a. felur í sér spurningar um samhengi vísinda og þekkingar, um vald stofnananna, og óljós fagurfræðileg mörk birtingarforma vísinda og lista. Í verkinu tekst Ólöf á við líkamsmannfræði, dimma hlið safna, hið óþekkta, gleymda og falda. Efni sem varla þolir að koma fram í dagsljósið, m.a. vegna þeirrar merkingartilfærslu sem hefur orðið í tíma frá því að safn var sett saman og þangað til það er opnað í nýju samhengi. Ólöf notar ljósmyndina til að sýna það sem er geymt og breytir því sem var hulið í opinbert verk, í myndlist sem aftur er sýnd á safni í fagurfræðilegu samhengi. Þessi umbreyting er hvorki hlutlaus né saklaus. Með henni er tekin mjög afgerandi afstaða, fyrst hjá listamanninum um að fá aðgang að efni og koma því á framfæri, síðan hjá þeim stofnunum sem tóku þá ákvörðun að lyfta hulunni af safni sínu, og svo aftur koll af kalli að listamanninum sem sá mikilvægi þess að opinbera safn úrsérgenginna gagna og sýna þau sem sýnishorn um eitthvað annað – eitthvað sem skiptir máli innan orðræðu samtímans. Framsetning verksins er á þessum óljósu mörkum fagurfræði og skráningar, það er innsetning, frekar en menningarsöguleg rannsókn eða heimildaverk. Verkið opnar lítt könnuð hólfi í sögu Íslands sem tengjast vísindalegri orðræðu um uppruna Íslendinga í mannfræðilegu rannsóknarsamhengi.¹

Inntak og merking hlutanna í afstöðu við tímann er viðfangsefni sem Ólöf hefur kannað í mörgum fyrri verkum sínum. Hún rannsakar hugmyndir um uppruna og afbyggir viðteknar kenningar og tákn. Þótt hún fjalli oft um framsetningu menningararfsins (og náttúrunnar) á írónískan hátt, þá er undirtóninn alvarlegur. Um leið og hún snýr út úr klisjukenndum hugmyndum sem íslenska þjóðin hefur skapað um sjálfa sig, tekst Ólöf á við sameiginlegan menningarforða sem í huga Íslendinga tekur á sig mynd hins ímyndaða safns. Í þessu nýja verki, *Musée Islandique*, fer Ólöf (eins og oft áður) inn í raunveruleg söfn og dregur þar fram gögn sem tengjast vísindarannsóknum í líkamsmannfræði fortíðarinnar. Höfuðviðfangsefni verksins er þó ekki menningarsagan (jafnvel þótt hún sé aldrei langt undan), heldur er tilgangurinn að vekja máls á mótun þekkingarinnar í stofnanasamhengi. Eins og oft áður þá minnir Ólöf á samslátt fortíðar og samtíma.² Hún potar í áhorfendur og spyr: *Munið þið eftir þessu? Hvað þýddi þetta þá? Hver er merkingin núna og hver verður hún í framtíðinni?*

1 Sú orðræða er rakin í greininni „Homo islandicus – inn að beini“ eftir Gísli Pálsson og Sigurð Örn Guðbjörnsson, *TMM*, 2012:2, bls. 4–24.

2 Auður A. Ólafsdóttir, „Nútíma-afsteypur tákmynda: um myndlist Ólafar Nordal“, *Skírnr*, 2003: 177 (haust), bls. 515–525.

The attraction of physical anthropology in Ólöf Nordal's *Musée Islandique*

Æsa Sigurjónsdóttir

Ólöf Nordal's *Musée Islandique* is a multilayered conceptual work which entails, among other things, questions about the relationship between science and knowledge, about the power of institutions, and about the indistinct aesthetic boundaries between representations of science and arts. In this work Ólöf confronts physical anthropology, the dark side of the museum – the mysterious, the forgotten, the hidden. Content which can scarcely stand the light of day, *inter alia* due to the transformation its significance has undergone, from the time when the collection was made until it is reopened in an entirely new context. Ólöf uses photography to put on display what has been stored away, and to transform what was hidden into a public work, into art, which in its turn is displayed in the aesthetic context of an art museum. That transformation is neither objective nor innocent. It arises from decisive action, first by the artist who sought to gain access to the archives and make them public, then by the institutions which made the decision to lift the veil on their content, and so on, to the artist who saw the necessity of making public a collection of obsolete objects, and to display them as samples of something completely different – something that has significance in contemporary discourse. The presentation of the work lies on the intangible margin between aesthetics and cataloguing: it is an installation, rather than a study of cultural history or a documentary work. It opens up little-known nooks and crannies of Icelandic history which relate to scientific discourse on the origins of the Icelanders, in the framework of anthropological research.¹

The content and significance of objects with respect to temporality is a theme Ólöf has addressed in many works before. She studies the idea of origins, and deconstructs received theories and signifiers. While she often approaches presentation of cultural heritage (and nature) with irony, the subtext is always serious. As she subverts the clichés the Icelandic nation has cherished about itself, Ólöf grapples with a shared cultural inheritance, which in the Icelandic mind takes on the form of the imaginary archive. In this new work, *Musée Islandique*, Ólöf (as so often before) ventures into real collections and extracts artifacts which relate to past scientific study of physical anthropology. The principal focus of the work is, however, not cultural history (although that is always present); the aim is to raise the subject of the construction of knowledge in an institutional context. As she has often done before, Ólöf points out the dissonance between past and present.² She prods the observer, asking: *Remember*

1 As discussed in the essay "Homo islandicus – inn að beini" by Gísli Pálsson and Sigurður Örn Guðbjörnsson, *TMM*, 2012:2, pp. 4–24, and in an edited version in this volume.

2 Auður A. Ólafsdóttir, "Nútímaafsteypur táknmynda: um myndlist Ólafar Nordal," *Skirnir*, 2003: 177 (haust), pp. 515–525.

Aðdráttarafi líkamsmælinganna

Í verkinu *Musée Islandique* setur Ólöf á svið samtal tveggja raunverulegra safna, sem bæði eru lokuð almenningi, og hafa á vissan hátt sofið þyrnirósarsvefni í nokkra áratugi. Eldra safnið er franskt afsteypusafn frá Íslandi, varðveitt á Mannfræðisafninu (*Musée de l'Homme*) í París og tengist vísindalegum áhuga franska stjórnvalda á norðurlóðum, um miðja 19. öld. Yngra safnið er lífsýnasafn dr. Jens Pálssonar (1926–2002), prófessors við Háskóla Íslands. Jens var stofnandi Mannfræðistofnunar Háskóla Íslands og fyrstur Íslendinga doktor í líkamsmannfræði. Hann var landsþekktur fyrir umfangsmiklar mannfræðilegar rannsóknir á lifandi Íslendingum, en einnig á fólki í Noregi, Danmörku, Írlandi, Skotlandi, Lapplandi í Finnlandi og Vestur-Íslendingum í Kanada og Bandaríkjunum.³

Lífsýnasafn dr. Jens Pálssonar er margfalt umfangsmeira og heildstæðara en brotkennt afsteypusafn frönsku náttúruvísindamannanna. Safnið er samsett af tugþúsundum lífsýna, og ljósmynda, auk þess er þar safn líkamsmælinga sem átti að virkja í viðamikinn gagnagrunn. Margir Íslendingar muna eftir mælingunum einfaldlega vegna þess að þeir sjálfir voru efniviðurinn. Í báðum söfnunum er fengist við líkamsmannfræði: vísindi sem áttu sitt upphaf snemma á 19. öld og lokaskeið þeirra er bundið í mælingum Jens Pálssonar á seinni hluta þeirra tuttugustu.

Aðdráttarafi sögunnar

Franska afsteypusafnið er frá þeim tíma sem iðnbyltingin var að festa rætur og vísindamenn trúðu á fullkomnar aðferðir og kerfi sem gætu skýrt uppruna, eðli og merkingu allra hluta. Afsteypurnar voru sýnishorn sem var ætlað að gefa heildarmynd af frumstæðum íbúum norðursins, en í raun sýna þær einungis staka líkamshluta, þ.e. brot af líkómum. Þær eru allt í senn: afrit, rannsóknargagn, sýniseintak og mynd. Þótt afsteypusafnið tengist Íslandi á einstakan hátt, þá er það fyrst og fremst sýnishorn af stærri heild og á sér margar hliðstæður, afsteypur sem hafa varðveist á söfnum í Evrópu og Bandaríkjunum.⁴ Frönsku afsteypurnar voru sýningar-gripir sem þjónuðu svipuðum tilgangi og ljósmynd, þ.e. hlutverk þeirra var að gefa áhorfendum innsýn inn í heim hins fjarlæga og óþekhta, heim „hinna“ sem lifðu á öðrum menningarsvæðum. Ísland taldist til þessara jaðarsvæða

og einmitt þess vegna voru Íslendingar rannsakaðir á þennan hátt, bæði í rannsókn frönsku vísindamannanna og í mannfræðirannsóknum Jens Pálssonar.⁵

Efnahagspólitísk útþensla franska ríkisins var drifkrafturinn að baki umfangsmikilla könnunarleiðangra franska náttúruvísindamanna til Íslands á 19. öld. Saga gripanna endurspeglar vísindarannsóknir Frakka og áhuga þeirra á lítt könnuðu svæði norðurlóðanna. Flestar voru afsteypurnar gerðar í frægum leiðangri Jéroèmes Napóleon sumarið 1856. Tilgangur Íslandsferðarinnar var fyrst og fremst að kanna möguleika frönsku stjórnarinnar til að koma á fót fiskverkunarstöðvum á Íslandi, fyrir þann mikla fiskveiðiflota sem veiddi í kringum landið.⁶ Leiðangrinum vatt fram eins og skemmtiferð ríkiserfingja, en hann var í raun pólitískur stórviðburður sem franskir fjölmiðlar fylgdust með af athygli, og endurspeglar frásagnir frá sumrinu fjölbreytt áhugamál prinsins og áhuga keisarans á iðnvæðingu Norðurlandabjódanna.⁷

Eins og venja var í slíkum ferðum, þá voru í förinni nokkrir þekktir náttúruvísindamenn, auk myndasmiða, sem allir voru tengdir Náttúrusögusafninu í París.⁸ Þetta voru fulltrúar hinna nýju og gömlu miðla; listmálarinn Charles Giraud, ljósmyndarinn Louis Rousseau, ásamt mótunarmeistararum Stahl.⁹ Þekkingarheimarnir voru að mótast og sérhæfing náttúru- og mannvísinda var að skilja sig frá myndlistariðkun, en mörkin á milli fagurfræðilegra og vísindalegra birtingarforma voru enn óljós. Afsteypurnar frá Íslandi sýna handleggi og fótleggi, bústur, höfuð, hendur og brjóst. Þær byggja á fagurfræði sem rekja má til klassískrar höggmyndalistar, en listamenn, læknar og náttúruvísindamenn notuðu afsteypuáætlunina á sama hátt og ljósmyndir, þ.e. sem aðferð við að gera nákvæma eftirmynd eða mót af náttúrulegum fyrirbærum til að koma á framfæri upplýsingum um líkama mannsins.¹⁰ Um miðja 19. öld þótti enn eðlilegt að nota þessa þrjá miðla samhliða: málverk, ljósmyndun og afsteypu til að líkja eftir náttúrunni í vísindalegum tilgangi. Litið var á afsteypuna og ljósmyndina sem óbrigðular skráningaraðferðir, andstætt við persónulega tjáningu málalistarinnar, og undirdeildar hennar, teikningarinnar, sem voru á undanhaldi í rannsóknarsamhengi náttúruvísindanna.

3 Gísli Pálsson og Sigurður Örn Guðbjörnsson, „Homo Islandicus – inn að beini“, *TMM*, 2012:2, bls. 4–24.

4 Þau helstu eru í Dresden, París, London, og Smithsonian í Washington, D.C. *A fleur de peau. Le moulage sur nature au XIXe siècle*, París: Musée d'Orsay/RMN, 2001.

5 Gísli Pálsson og Sigurður Örn Guðbjörnsson, „Homo Islandicus – inn að beini“, *TMM*, 2012:2, bls. 4–24.

6 Kjartan Ólafsson, „Áform Frakka um nýlendu við Dýrafjörð: Napóleon prins á Íslandi 1856“, *Saga*, 1986: 147–203.

7 Æsa Sigurjónsdóttir, *Ísland í sjónmáli. Franskir ljósmyndarar á Íslandi 1845–1900*, Reykjavík: JPV, 2000.

8 Mannfræðisafnið í París, *Musée de l'Homme*, var stofnað 1860.

9 Frank Ponzi, *Ísland á nitjándu öld: leiðangrar og listamenn*, Reykjavík: Almenna bókafélagið, 1986.

10 *A fleur de peau. Le moulage sur nature au XIXe siècle*, París: Musée d'Orsay/RMN, 2001.

this? What did it mean back then? What does it mean now? And what will it mean in the future?

The attraction of anthropometry

In her *Musée Islandique* Ólöf stages a dialogue between two real collections, neither of which is open to the public; both have lain forgotten and collecting dust for many decades. The older of the two is a French collection of plaster casts from Iceland, stored at the Musée de l'Homme in Paris; this springs from the French authorities' interest in the far north in the mid-19th century. The more recent collection comprises biological specimens collected by Dr. Jens Pálsson (1926–2002), Professor at the University of Iceland. He was the founder of the University of Iceland Institute of Anthropology, and the first Icelander to earn a doctorate in physical anthropology. He was nationally renowned for his extensive anthropological studies of living Icelanders, as well as of people in Norway, Denmark, Ireland, Scotland, Lapland (in Finland), and of people of Icelandic origin in the USA and Canada.³

Dr. Jens Pálsson's collection of specimens is many times larger and more inclusive than the fragmentary collection of plaster casts made by the French scientists. It comprises tens of thousands of biological specimens and photographs, together with anthropometric data which were meant to form an extensive database. Many Icelanders remember the anthropometric work, simply because they were subjects. Both collections deal with physical anthropology: a science which emerged in the early nineteenth century, and died out with the work of Jens Pálsson toward the end of the twentieth.

The attraction of history

The French plaster casts date from the period when the industrial revolution was becoming established, and scientists believed that perfect methods and systems could explain the origins, nature and significance of all things. The casts were specimens, intended to give a comprehensive view of the primitive inhabitants of this island in the far north; in fact they show only individual body parts, i.e. fragments of bodies. They are simultaneously copies, research objects, specimens and images. While the collection of casts has its unique connection to Iceland, it is primarily part of a larger whole; it is far from rare, as many similar casts are preserved in collections in Europe and the USA.⁴ The

French casts were exhibits, which served a similar purpose to photography, i.e. they were intended to give the observer insight into the world of the remote and mysterious, the "other," living in a different culture. Iceland was regarded as one such peripheral region; and it was for precisely that reason that Icelanders were studied in this manner, both by the French scientists and in the anthropological research of Jens Pálsson.⁵

The impetus for large-scale French scientific expeditions to Iceland in the 19th century arose from the colonialist expansion of the French state at the time. The history of the objects reflects French scientific research and their interest in little-known regions of the north. Most of the casts were made during a famous expedition led by Jérôme Napoléon in the summer of 1856. The primary purpose of the expedition was to explore the possibility of establishing French fish-processing bases in Iceland to serve the large number of French vessels fishing off Iceland.⁶ The expedition became a royal progress, a luxury cruise for the prince; but it was also a major political event, which attracted huge media interest in France. The press coverage of that summer reflects the prince's wide-ranging interests, as well as Emperor Napoléon III's own keen interest in industrial development in the Nordic region.⁷

As was customary on such expeditions, several well-known scientists were included, along with artists and photographers, all connected with the *Muséum national d'Histoire naturelle* in Paris.⁸ They included representatives of old media and new: painter Charles Giraud, photographer Louis Rousseau, and Stahl, who made the plaster casts.⁹ Epistemologies were evolving, and the specialist fields of natural and human science were growing distinct from art, though the boundaries between aesthetic and scientific imagery remained unclear. The Icelandic casts represent limbs, busts, heads, hands and chests. They are grounded in aesthetic standards which can be traced back to classical sculpture; artists, physicians and scientists used casts as photography was used, i.e. as a method of reproducing an exact copy of natural phenomena, in this case in order to document information about the human body.¹⁰ In the mid-nineteenth century it was still regarded as normal to use all three media – painting, photography and plaster casts

3 Gísli Pálsson and Sigurður Örn Guðbjörnsson, "Homo Islandicus – inn að beini", *TMM*, 2012:2, pp. 4–24.

4 The main collections are in Dresden, Paris, London, and the Smithsonian in Washington DC. *A fleur de peau. Le moulage sur nature au XIXe siècle*, Paris: Musée d'Orsay/RMN, 2001.

5 Gísli Pálsson and Sigurður Örn Guðbjörnsson, "Homo Islandicus – inn að beini", *TMM*, 2012:2, pp. 4–24.

6 Kjartan Ólafsson, „Áform Frakka um nýlendu við Dýrafjörð: Napoléon prins á Íslandi 1856“, *Saga*, 1986: 147–203.

7 Æsa Sigurjónsdóttir, *Ísland í sjónmáli. Franskir ljósmyndarar á Íslandi 1845–1900*, Reykjavík: JPV/bjöldminjasafnið, 2000.

8 Musée de l'Homme was founded in 1860.

9 Frank Ponzi, *Ísland á nitjándu öld: leiðangrar og listamenn*, Reykjavík: Almenna bókafélagið, 1986.

10 *A fleur de peau. Le moulage sur nature au XIXe siècle*, Paris: Musée d'Orsay/RMN, 2001.

Fátt er vitað um forsendur þess hvaða einstaklingar voru valdir til afsteypu. Ólöf hefur rakið nöfn þeirra og þá kemur í ljós að þetta eru einstaklingar sem endurspegla ákveðið félagslegt úrtak; bændur, verkafólk og menntamenn. Höfuðin eru mótuð samkvæmt fagurfræðilegum hefðum klassískra brjóstmynda (sjónarhorn, hlutföll, framsæi), en sundraðir líkamshlutar minna á læknisfræðilegar afsteypur 19. aldarinnar, sem gegndu því hlutverki að geyma upplýsingar um sjúkdómseinkenni og vera sýnishorn af afskræmingum mannslíkamans.¹¹

Myndin af Bjarna Jónssyni (1809–1868) sker sig úr, því hún er sú eina sem er fullgerð, vaxhúðuð og máluð, og tilbúin til sýningar. Henni hefur verið komið fyrir á samskonar stalli og öðrum þekktum bústum safnsins sem sýna einstaklinga af öðrum kynþáttum og þjóðflokkum, t.d. óþekktan Englending, Kínverjann Chin-Huong, og Grænlandinginn Elias Johannes.¹²

Bjarni var þekktur málfræðingur, og um tíma rektor við Latínuskólann í Reykjavík. Hann þótti frábær mála- maður, talaði og skrifaði ensku og frönsku, og var þess vegna kjörinn leiðsögumaður franska leiðangursins sumarið 1856. Nafn Bjarna kemur oft fyrir í dagbók Íslandsleiðangursins og þar er honum lýst sem risa- vöxnum og drykkfelldum, hann talinn gott eintak af norræna kynstofninum, en jafnframt er hann sagður tala fullkomna frönsku, vera vel menntaður og víðföru- ll.¹³ Hann var norræna eintakið sem vísindamennirnir leituðu að fyrir nýja sýningarsalinn á Náttúrusögusafninu.

Aðdráttarafl arkífsins

Þrátt fyrir að verk Ólafar, *Musée Islandique*, eigi (eins og mörg eldri verk hennar) rætur í menningarsögulegri sýn eftirlendufræðanna sem beinist einkum að endurmati á sjálfsmynd og upprunaleit jaðarsamfélaga, þá er mikil- vægt að staðsetja það utan þess ramma og skoða í sam- hengi þess áhuga sem myndlistarmenn hafa á allra síðustu árum sýnt huglægi merkingu safnsins eða arkífsins í listsköpun samtímans.¹⁴

Það er í sjálfu sér ekki nýtt að listamenn leiti inn í safnið til að rannsaka eigin sögu, persónulegar minningar og fortíðina. Listamenn hafa lengi móðað úr forðanum, og þá oft notað ljósmyndina, samklippuna, eða kvikmynda- tæknina sem miðil til að skapa ný verk. Oft má greina

í slíkum verkum ákveðna fortíðarþrá, sambærilega við það þegar Marcel Proust fór inn í heim minninga sinna í leit að horfnum tíma. Ólöf nálgast fortíðina hins vegar án tilfinningasemi, af „hlutleysi“ og nákvæmni, eins og vísindamaður sem safnar sýnishornum. Listamaðurinn dregur fram, velur, raðar upp og býr þar með til sín eigin sýnishorn eða sögur. Slík aðferð, stundum kennd við yfirtöku (e. *appropriation*), eða úrtak (e. *sampling*), felur í sér merkingartilfærslu sem er alþekkt innan lista- sögunnar. Bandaríski listfræðingurinn Hal Foster talar um aðdráttarafl arkífsins (e. *archival impulse*) í vinnu- aðferðum samtímalistamanna, og bendir á hvernig lista- menn hafa farið inn í safnið til að nálgast fortíðina á nýjan hátt, endurbyggt hana, hugsanlega í þeim tilgangi að skilja hana betur, eða jafnvel til að geta nálgast hana á breyttum forsendum.¹⁵ Hann telur sameiginlegt ein- kenni þeirra annars ólíku listamanna sem beita slíkum aðferðum, birtast í því að þeir dragi fram í dagsljósið gleymd söguleg gögn, skjöl og fundna hluti sem þeir síðan stilla upp, setja saman, eða vinna úr á nýjan hátt. Framsetning sé oft kerfisbundin og skýrsluleg, eins og einfaldlega sé um miðlun upplýsinga að ræða.¹⁶

Jafnframt bendir Foster á að aðferðin leggi til nýja og skilvirka samsvörun, þegar listamaðurinn velur alþekkt hluti, snýr út úr merkingu þeirra, umbreytir þeim í eitthvað ókunnugt, eða skapar nýjar tengingar með því að vinda upp á þær eldri. Slíkan samslátt og umbreytingarferli má sjá í ýmsum eldri verkum Ólafar, til að mynda í verkinu *Gull* (2002). Þar er hrútshorni og Barbídukk, leikföngum tveggja tíma, slegið saman í nýjan hlut, sem tilheyrir hvorki dýraríki né mannheimum.

Í verkinu *Musée Islandique* er ekki um slíkan snún- ing eða útúrnsúning að ræða, heldur er það frekar inn- tak tímans, bilið á milli þess sem var og þess sem er, sem Ólöf bendir á. Hún byrjar á því að nota aðferðir safnarans, endurheimtir skjöl og gripi sem eru hluti af gagnasöfnun vísindamannsins, handleikur hlutina, velur og setur á svið. Hún dregur áhorfandann inn í ákveðna leyndardóma, býr til uppstillingu, tekur ljósmyndir, sem sýna afsteypur og lífsýni látinna og lifandi Íslendinga: hár, lófafar, myndir, blóðsýni. Hún velur sjónarhorn og framleiðir ný verk, býr til nýtt samsafn hluta og hug- mynda. Með þessari tilfærslu færir Ólöf rannsóknar- gögnin, sýnishornin, inn í listrymið. Við flutninginn

11 Afsteypusafnið Le musée des moulages de l'Hôpital Saint-Louis, París, er gott dæmi um safn af þessum læknisfræðilega toga.

12 *A fleur de peau. Le moulage sur nature au XIXe siècle*, París: Musée d'Orsay/RMN, 2001, bls. 104, 142, 148–149.

13 Æsa Sigurjónsdóttir, *Ísland í sjónmáli. Franskir ljósmyndarar á Íslandi 1845–1900. Islande en*

vue. Photographes français en Islande, Reykjavík: JPV Forlag/ Þjóðminjasafnið, 2000, bls. 31.

14 Charles Merewether (ritstj.), *The Archive. Documents of contemporary art series*, Cambridge, MA: The MIT Press, 2007. Okwui Enwezor, *Archive Fever: Uses of the Document in Contemporary Art*, New York: The International Center of Photography, 2008.

15 Hal Foster, „An Archival Impulse“, *October*, Vol. 110 (Autumn, 2004), bls. 3–22. Sótt 25/01/2010 af <http://www.jstor.org/stable/3397555>

16 „In the first instance archival artists seek to make historical information, often lost or displaced, physically present. To this end they work on the found image, object, and text, and favor the installation format as they do so.“ Hal Foster (2004), bls. 4.

– in order to reproduce nature for scientific purposes. Casts and photographs were seen as infallible methods of recording information, free of the more personal interpretation in paintings and drawings, whose role in scientific research was declining.

Little is known of how the individual Icelandic subjects were selected for plaster casts to be made. Ólöf has traced their names, and found that the individuals are clearly intended to represent different social strata: farmers, farm workers, and intellectuals. The heads were presented in accord with the aesthetic conventions of classical busts (viewpoint, proportion, frontality); the truncated body parts, on the other hand, are reminiscent of medical casts made in the 19th century, whose role was to document information on symptoms of diseases, and to serve as examples of distortion of the human body.¹¹

The bust of Bjarni Jónsson (1809–1868) differs from the rest in being the only complete example: coated in wax, painted and ready for display. It has been installed on a plinth like those used to display other well-known busts in the collection, which are specimens of different races, such as an anonymous Englishman, Chin-Huong from China, and Greenlander Elias Johannes.¹²

Bjarni was a renowned scholar, and for a time principal of the Latin School (precursor of Reykjavík High School). Regarded as a brilliant linguist, he spoke and wrote English and French, and this led to his being appointed as guide to the French expedition in the summer of 1856. His name is often mentioned in the expedition journal, where he is described as gigantic and prone to drunkenness, a good specimen of the Nordic race; he also speaks perfect French, and is well-educated and widely travelled.¹³ He was the Nordic “exemplar” the scientists were looking for, to display in the new exhibition gallery at the Muséum national d’Histoire naturelle.

The attraction of the archive

Although Ólöf’s *Musée Islandique* (like many of her previous works) has its roots in a post-colonial theoretical approach, which entails primarily a reconstruction of identity and a marginalised society’s search for its origins, it is important to place it outside that framework, and to examine it in the context of the interest that artists have in recent years been showing in the subjective

significance of the archive in contemporary art.¹⁴

There is nothing new *per se* in artists using an archival approach to explore their own history, personal memories and the past. Artists have long re-worked existing material, often using photography, collage or film as a medium for a new work of art. In such works a certain nostalgia is often evident, reminiscent of Marcel Proust’s foray into the past in *À la recherche du temps perdu* (*In Search of Lost Time*). Ólöf, on the contrary, approaches the past without emotional engagement, with “objectivity” and precision, like a scientist collecting specimens. The artist extracts them, selects and arranges them, thus creating new specimens or narratives. This approach, sometimes termed *appropriation* or *sampling*, entails a transference of meaning which is well-known in the history of art. American art historian Hal Foster writes about the “archival impulse” in the practices of contemporary artists, pointing out how artists have ventured into the archive in order to approach the past in a different manner, reconstructing it, perhaps in order to gain a better understanding, or even in order to be able to approach it on a new premise.¹⁵ He sees it as a common feature of the otherwise very different artists who apply such methods, that they bring to light forgotten historical records, documents and found objects, which they then arrange, juxtapose or work with in a transformative way. He goes on to say that these materials are often arranged “according to a quasi-archival logic, a matrix of citation and juxtaposition” and presented in a quasi-archival architecture.¹⁶

Foster also points out that the method provides a new and affective association when the artist selects a familiar object and re-interprets it, transforming it into something unknown, or creates new resonances by subverting the existing ones. This kind of dissonance and metamorphosis can be seen in various of Ólöf’s previous works, for instance *Gull (Treasures)* (2002), in which she takes children’s toys from two eras – a ram’s horn and a Barbie doll – and fuses them to make a new object, neither animal nor human.

Musée Islandique is not based upon such re-interpretation; here Ólöf focuses on the significance of time, the gap between what was and what is. She starts by applying the methods of the collector: she recovers

11 Le musée des moulages de l’Hôpital Saint-Louis in Paris is a good example of such a medical collection.

12 *A fleur de peau. Le moulage sur nature au XIXe siècle*, Paris: Musée d’Orsay/RMN, 2001, pp. 104, 142, 148–149.

13 Æsa Sigurjónsdóttir, *Ísland í sjónmáli. Franskir ljósmyndarar á Íslandi 1845–1900/Islande en vue. Photographes français en Islande*, Reykjavík: JPV Forlag/bjóðminjasafnið, 2000, p. 31.

14 Charles Merewether (ed.), *The Archive. Documents of contemporary art series*, Cambridge, MA: The MIT Press, 2007. Okwui Enwezor, *Archive Fever: Uses of the Document in Contemporary Art*, New York: The International Center of Photography, 2008.

15 Hal Foster, “An Archival Impulse”, *October*, Vol. 110 (Autumn, 2004), pp. 3–22. Accessed 25/01/2010 at <http://www.jstor.org/stable/3397555>

16 “In the first instance archival artists seek to make historical information, often lost or displaced, physically present. To this end they work on the found image, object, and text, and favor the installation format as they do so.” Hal Foster (2004), p. 4–5.

opnast nýr vettvangur til umræðu um þekkingarkerfi og vísindarannsóknir fortíðarinnar. Í þessu samhengi myndlistarsköpunarinnar verður safnið forðabúr hugmynda, sameiginlegra minninga, frekar en geymsla hluta, jafnvel þótt gögnin sem Ólöf dregur fram séu raunveruleg sýnishorn líkama, og sem slík hafa þau dularfullt aðdráttarafl og efniskennnda nálægð sem gefur þeim ákveðið sjónrænt vald yfir áhorfandanum óháð hugmyndunum sem þau táknera.

Aðdráttarafl nektarinnar

Út frá sjónarhóli eftirlendufræðanna (e. *post-colonial theory*) mætti lesa verk Ólafar sem ákveðna staðfestingu á kenningum Michels Foucault um tengsl vísindalegrar þekkingar og valds.¹⁷ Afsteypurnar varpa einkennilegu ljósi á samskiptasögu Frakka og Íslendinga á 19. öld, sem var mótuð af hugmyndum nýlenduveldisins um framandleika og frumstæði norðursins sem andstæðu við hinn siðfágaða evrópska menningarheim. Þetta viðhorf birtist í mörgum þeim textum sem franskir vísinda- og ferðamenn skrifuðu um Ísland á 19. öld, og einnig í ljósmyndum þeirra frá Íslandi. Sjálft nafnið á verki Ólafar, *Musée Islandique*, vísar á margræðan hátt í fyrirbærið safn, þ.e. samsafn hluta, íslenskra sýnishorna, en einnig beint í nýlendusamhengi franska afsteypusafnsins, eins og því er lýst í litríki frásögn stjórnáráðgjafarinnar og blaðamannsins Þorleifs Repp. Þar segir hann frá sýningunni á afrakstri ferðarinnar til Íslands sem franskur leiðangursstjórinn, prins Jérôme Napóleon, efndi til í konungshöllinni Palais Royal. Sýningin var opin frá 20. desember 1856 til 1. febrúar 1857, og þótti viðburður í samkvæmislífi Parísarborgar. Þorleifur Repp var fréttaveita margra Íslendinga á þeim árum, og hann skrifar í sendibréfi: „Napóleon prins er að gefa út skautrit um Ísland og í þremur herbergjum í Palais Royal hefur hann sett upp sýningu á dýrgripum þeim, sem hann hafði með sér frá Íslandi. Sýning þessi ber nafnið Musée Islandique og þangað er þeim boðið, sem eru í náðinni. Á meðal gripa á sýningu þessari gefur að líta myndir af nöktum konum. Myndir þessar eru í fullri líkamsstærð og eiga að sýna konur þær, sem heiðraðar voru með keisaralegu samræði.“¹⁸

Ýmsar óstaðfestar hugmyndir um eðliseinkenni norðursins hafa löngum litað menningarleg tengsl

Íslands við umheiminn og mótað um leið sjálfsmyndir Íslendinga allt fram á okkar tíma. Írónísk frásögn Repps endurspeglar langlífa klisju um konur norðursins sem uppfylltu drauminn um hið erótíska norður, á sama hátt og karlmennirnir voru sýnishorn af hetjum norðursins.

Aðdráttarafl ljósmyndarinnar

Allt frá upphafi ljósmyndunar hafa tengsl ljósmyndunar, listsköpunar og mannfræði verið margslungin viðfangsefni fjölda myndlistarverka jafnt sem fræðikenninga.¹⁹ Ljósmyndin er á sífelldu flökti á milli merkingarrýma, á milli hins opinbera og þess einkalega, frá því félagslega yfir í fagurfræðina, frá raunveruleika yfir í listrýmið. Bandaríski listgagnrýnandinn Clement Greenberg taldi ljósmyndina hafa náð yfirtöku á þeim frásagnarheimi sem málalastin hefði yfirgefið. Víst er að ljósmyndin hafði nýtt aðdráttarafl í póst-móðernísku samhengi því merkingarlög hennar eru fjölmörg. Samband hennar við framúrstefnuna kom þó nokkuð langt að, því fagurfræði skráningarinnar var eitt af eftirlætisviðfangsefnum frönsku súrrealistanna. Marcel Duchamp sá sálrænan snertipunkt miðilsins við raunveruleikann á afdrifaríkan hátt. Því er jafnvel haldið fram að skilningur Duchamps á einstöku sambandi hlutanna við raunveruleikann, birtist ekki síst í ljósmyndum af verkum hans.²⁰ Dadaistarnir, súrrealistarnir o.fl. (listinn er langur), notuðu ljósmyndina sem aðferð og hráefni í verk sín, og með listhvörfunum miklu um 1960, þegar listmiðlarnir fóru að taka á sig þá mynd sem við búum við enn í dag, þá verður ljósmyndin mikilvægur gerandi í því ferli. Ljósmyndin er skráningar-miðill gjörninga og listkringumstæðna, og hefur náin tengsl við fagurfræði hversdagsleikans, sem byggði oft á skoðun, skráningu og heimildavinnu. Aðdráttarafl ljósmyndarinnar endurspeglar þó fyrst og fremst breytta stöðu listamannsins sem tók sér pólitískt hlutverk þess sem skoðar heiminn, hann fer í spor mannfræðingsins, er rannsakandi, og gagnrýnandi, fremur en framleiðandi fallelgra hluta eða táknerfa.

Ljósmyndaverk Ólafar mætti staðsetja innan umræddra marka póst-móðernískrar frásagnar. Þegar Ólöf notar ljósmyndina sem miðil, þá er það ekki í þeim tilgangi að skrá, heldur til þess að stilla upp og sýna, og beina athygli áhorfandans að því sem hún vill segja. Í raun mætti halda því fram að hún noti ljósmyndina til að

17 Michel Foucault, *The Archaeology of Knowledge*, New York: Pantheon Books, 1972.

18 Kjartan Ólafsson, „Dýrafjarðarmálið: Jón forseti og Ísfríðingar á öndverðum meiði“, *Saga*, 1987, bls. 107.

19 Allan Sekula, „The Body and the Archive“, *The Contest of Meaning, Critical Histories of Photography*, Richard Bolton (ritstj.), Cambridge, Massachusetts, London: The MIT Press, 1999 (1989), bls. 343–388. Sjá einnig Okwui Enwezor, „Archive Fever: Photography Between History

and the Monument“, *Archive Fever: Uses of the Document in Contemporary Art*, New York: The International Center of Photography, 2008.
20 Sjá m.a.: Margaret Iversen, „Readymade, Found Object, Photograph“, *Art Journal*, 63:2 (Summer 2004), bls. 44–57.

documents and objects from the scientist's archive, handles the objects, makes a selection and then stages them. She draws the observer into certain mysteries, creates a composition, takes photographs showing casts and biosamples of Icelanders, living and dead: hair, palm prints, photographs, blood samples. She chooses a perspective and makes a new work, creates a new collection of objects and ideas. By this transfer, Ólöf brings the research data, the specimens, into the art space. That opens up a new forum for debate on epistemologies and the scientific research of the past. In this context of artistic creation, the collection becomes a source of ideas, of shared memories, rather than a storehouse of objects – even though the objects extracted by Ólöf are real physical specimens, which as such have a mystical allure and material immediacy which lends them a certain visual hold over the observer, regardless of the ideas they signify.

The attraction of the nude

From the angle of post-colonial theory, Ólöf's work may be seen as a certain confirmation of Michel Foucault's theory on the relationship between scientific knowledge and power.¹⁷ The plaster casts shed a bizarre light upon French-Icelandic relations in the 19th century; these were informed by the colonialist power's ideas about the primitive and exotic North, in contrast with the civilised culture of continental Europe. This viewpoint is exemplified in writings about Iceland by French scientists and travellers in the 19th century, as well as in their photographs. Even the title of Ólöf's work, *Musée Islandique*, is an enigmatic reference to the concept of the museum or collection – a gathering of objects, of Icelandic specimens – while also underlining the colonial context of the French collection of plaster casts, as described in a colourful account by Icelandic politician/journalist Þorleifur Repp. He wrote about an exhibition at the Palais Royal at which the findings of a French expedition to Iceland, led by Prince Jérôme Napoléon, were displayed. Open from 20 December 1856 to 1 February 1857, the exhibition was a major social event in Paris. Þorleifur Repp was a conduit for news of the outside world for many Icelanders at that time; he wrote to one correspondent: "Prince Napoléon is publishing an ornate book about Iceland, and in three rooms of the Palais Royal he has installed an exhibition of the treasures he brought from Iceland. The title of the exhibition is Musée Islandique, and the favoured few are invited to see it. Items in this

exhibition include pictures of naked women. The images are life-size, and are supposed to depict women who were honoured by the imperial intercourse."¹⁸

A variety of unverified ideas about the nature of the north have long coloured Iceland's relations with the outside world, and also influenced Icelanders' own ideas of their identity, even until the present day. Repp's ironic account of the exhibition reflects a long-lived cliché about women of the north reflecting fantasies of eroticism, while the men were seen as exemplars of the northern heroic type.

The attraction of photography

Ever since the advent of photography, the relationship between photography, art and anthropology has provided a wealth of subjects for both works of art and critical theories.¹⁹ The photograph is constantly on the move between semiotic spaces – public and private, social and aesthetic, reality and art. American art critic Clement Greenberg declared that the photograph had taken over the narrative world which art had abandoned. And certainly the photograph has acquired a new appeal in a post-modern context, as its layers of meaning are manifold. The link with the avant-garde, however, is close, as the aesthetics of documentation was favoured by the French Surrealists. Marcel Duchamp saw a psychological interface of the medium with the object, with important consequences. It has even been maintained that Duchamp's view of the unique relationship of the object with reality is manifested most clearly in photographs of his works.²⁰ The Dadaists and Surrealists used photography as a method and a raw material in their work. With the great disruption around 1960, when art media began to take on the form we know today, the photograph becomes an important agent in that process. Photography is the medium for documenting performance art and is intimately linked with the aesthetics of the everyday, which is often based upon examination, documentation and research into sources. The appeal of photography reflects, however, primarily the changed status of the artist, who undertook the political role of one who examines the world, traces the footsteps of the anthropologist, is a researcher and critic – rather than being a producer of beautiful objects or symbolic worlds.

17 Michel Foucault, *The Archaeology of Knowledge*, New York: Pantheon Books, 1972.

18 Kjartan Ólafsson, "Dýrafjarðarmálið: Jón forseti og Isfirðingar á öndverðum meiði", *Saga*, 1987, p. 107.

18 Kjartan Ólafsson, "Dýrafjarðarmálið: Jón forseti og Isfirðingar á öndverðum meiði", *Saga*, 1987, p. 107.

19 Allan Sekula, "The Body and the Archive," *The Contest of Meaning. Critical Histories of Photography*, Richard Bolton (ed.), Cambridge, Massachusetts, London: The MIT Press, 1999 (1989), pp. 343–388. See also Okwui Enwezor,

"Archive Fever: Photography Between History and the Monument," *Archive Fever: Uses of the Document in Contemporary Art*, New York: International Center of Photography, 2008.
20 See *inter alia*: Margaret Iversen, "Readymade, Found Object, Photograph," *Art Journal*, 63:2 (Summer 2004), pp. 44–57.

segja frá á svipaðan hátt og rithöfundur eða fræðimaður notar texta. Hún notar ljósmyndina sem frásagnarmiðil, sem upphrópun: *Sjáið þið! Þetta vil ég sýna ykkur!* Hún spyr: *Hvað finnst ykkur?* Um leið nýtir hún sér skrásetningareiginleika miðilsins, eðlislægt heimildagildi ljósmyndarinnar og þann eiginleika hennar að sýna hlutina á tilgerðarlausan hátt.

Ljósmyndin er í eðli sínu í nánu sambandi við fortíðina, skráninguna og minninguna, og á einnig í sérstöku sambandi við mannfræði- og lögregluljósmyndun, eins og sést á ljósmyndasýnishornum sem Ólöf dregur fram úr gagnasafni Jens Pálssonar. Myndir Ólafar eru því meðvituð notkun á ljósmyndamiðlinum sem felur í sér huglæga afstöðu og fagurfræðilega túlkun. Sjónræna aðferðin sem hún velur er tvíþætt. Annars vegar beitir hún skráningarstíl, þar sem hún tekur myndirnar úr hlutlausri fjarlægð, ekki of nálægt, en ekki úr það mikilli fjarlægð að ekki sé hægt að greina smáatriðin. Bakgrunnurinn er einlitur, sjónarhornið miðlægt og framsætt. Hins vegar velur hún einstaka hluti sem hún setur í nærmynd. Þar notar hún myndavélina eins og væri hún að mynda fundinn hlut í anda súrrealistanna. Með mynd af hárlökki minnir Ólöf á áhrifamátt og aðdráttarafi hlutarins sem hættir að vera hlutlaust sýnishorn vísindarannsóknar og umbreytist í spor (e. *trace*) af einstaklingi. Með þessari framsetningu hlutanna, vali á sjónarhorni, yfirlitsmynd og nærmynd, hvetur Ólöf áhorfandann til að taka afstöðu til frásagnarinnar um gagnasöfnin og þekkingarinnar sem þeim var ætlað að miðla, en jafnframt til ljósmyndarinnar, og þeirrar nándar sem hún miðlar.

Aðdráttarafi tækninnar

Myndlistin hefur ætíð verið samstiga þekkingarkerfunum, svo notað sé hugtak frá Michel Foucault sem hélt því fram að þekkingarkerfi (e. *episteme*) liggi að baki allri þekkingu manna á einhverju ákveðnu tímabili og sé gjarnan öldum saman við lýði áður en það víki fyrir öðru þekkingarkerfi.²¹

Stafræna byltingin hefur umturnað tengslum mannsins við þekkinguna, fortíðina, minninguna og listina. Ólöf er gagnrýnin á möguleika stofnananna til að takast á við endurskipulagningu og úreldingu þekkingarforðans. Í verkinu *Musée Islandique* stendur áhorfandinn frammi fyrir raunverulegu safni raunverulegra sýnishorna sem voru tekin af vísindalegri nákvæmni samkvæmt stöðlum tveggja tíma. Í gamaldags formi sínu virðast

sýnishornin einkennilega sérviskuleg, jafnvel einhvers konar hjáfræði, sem samtíminn á erfitt með að flokka undir vísindi, líka vegna þess að það eru ekki einungis aðferðirnar og kenningarnar sem hafa breyst, heldur hefur birtingarform vísindanna umbreytt í meðförun nýrrar tækni og nýmiðla. Tækniheiminum er miðlað í kvikmyndum og tölvuleikjum. Raunveruleiki hans er ófniskennður, í fullkominni mótsögn við sýnishorn og gagnasöfnun fortíðarinnar. Þegar áhorfandi samtímans hverfur inn í heim erfðafræði samtímans, horfir hann í gegnum vísindakvikmyndina þar sem slíkur heimur birtist í dauðhreinsuðum vistarverum, tilraunaglösum, tæknimyndum, latexhönskum, en kannski fyrst og fremst á tölvuskjámum.

Aðdráttarafi frásagnarinnar

Verkið *Musée Islandique* er að öllu leyti samtímalegt, samkvæmt þeirri skilgreiningu að í samtímalistinni fjalli listamenn um samfélagið og takist á við þau mál sem eru efst á baugi.²² Vissulega felst í orðinu samtímalist að það sé list sem sé sköpuð í samtímanum, en um leið liggur í augum uppi að öll list sem sköpuð er í samtímanum fæst ekki endilega við samtímann sem viðfangsefni.²³ Þótt verk Ólafar minni á samslátt tímans, þá er orðræða verksins samtímaleg, ekki söguleg. Samtímaleiki verksins, ef svo mætti orða það, er þá fölginn í þeirri staðreynd að verkið fjallar m.a. um það erfða verkefni hvernig og hvort hægt er að takast á við úreldingu þekkingarinnar, skjöl og gagnagrunna í samtímanum.²⁴

Listfræðilega séð eru aðferðir Ólafar af síðhugmynda- legum toga, þar sem viðfangsefnið er orðræða við þekkingarkerfin. Í verkinu minnir Ólöf á þá staðreynd að hlutverk samtímalista er ekki lengur bundið fagurfræðilegum markmiðum, heldur orðræðusamhengi.

Það sem hófst eins og lélegur brandari þegar Ólöf rakst á gifsafsteypur af raunverulegum Íslendingum á Mannfræðisafninu á Kanaríeyjum, var í raun leifar af hátimbraðri vísindaorðræðu fortíðar. Ferðin tók listamanninn til Parísar á Mannfræðisafnið við Trocadéro-torg og í rannsóknarstofnanir Háskóla Íslands, inn í orðræðu líkamsmannfræði, erfðafræði, inn í kenningar um orðræðutengsl valds og þekkingar, yfir í staðreyndir um niðurbrot þekkingarkerfanna, og í óvissu framtíðarinnar varðandi gagnasöfnun og úrgang upplýsinganna.

21 „The episteme is not a form of knowledge (connaissance) or type of rationality which, crossing the boundaries of the most varied sciences, manifests the sovereign unity of a subject, a spirit, or a period; it is the totality of relations that can be

discovered, for a given period, between the sciences when one analyses them at the level of discursive regularities.“ Michel Foucault, *The Archaeology of Knowledge*, New York: Pantheon Books, 1972, bls. 191.

22 Listfræðingurinn Terry Smith hefur skilgreint einkenni samtímalistar: „Overall, this is a content-driven art, aware of the influence of ideologies, and concerned above all with issues of nationality, identity, and rights.“ http://globalartmuseum.de/site/guest_author/298

23 Alexander Alberro, *Periodising Contemporary Art*. http://globalartmuseum.de/site/guest_author/306

24 Hér nota ég hugtakið samtímaleiki sem þýðingu á hugtakiinu contemporaneity, sbr. skilgreiningu Terrys Smith: „Contemporary art is multiple, internally differentiating, category-shifting, shape-changing, unpredictable (that is, diverse) – like contemporaneity itself.“ Terry Smith, *Contemporary Art in Transition: From Late Modern Art to Now*. http://globalartmuseum.de/site/guest_author/298

Ólöf's photographic works could be placed within the bounds of such a post-modern narrative. When she uses photography as her medium, it is not with the aim of documentation: her intention is to exhibit and display, to draw the attention of the audience to what she wants to say. In fact she uses photography to tell a story, in the same way as an author or scholar uses words. She employs the photograph as a narrative medium, as an exclamation: *Look! This is what I want to show you!* She asks: *What do you think?* and at the same time she utilises the nature of the medium as a method of keeping a record, the inherent documentary value of the photograph, and its quality of depicting the subject straightforwardly.

The photograph is by its nature closely bound to the past, documentation and memory; and it also has a special relationship with anthropological and police photography, as evidenced by the examples of photographs Ólöf shows from Jens Pálsson's archive. Ólöf's photographs are thus a conscious application of the photographic medium, which entails subjectivity and an aesthetic interpretation. The visual method she chooses is dual in nature: on the one hand she uses a documentary style, taking the photographs from an objective distance – not too close, but not from so far away that the details cannot be discerned. The background is plain, the viewpoint centralised and frontal. On the other hand, she selects individual objects for close-ups, using her camera as if she were photographing a found object, as the Surrealists did. With her image of a lock of hair, Ólöf recalls the impact and appeal of the object, which is no longer an objective sample of a scientific study, but a trace of a real person. By this presentation of the objects, choice of perspective, overview and close-up, Ólöf urges the observer to reach his/her own conclusions about the narrative of the collections and the knowledge they were supposed to impart – and also about photography, and the immediacy it conveys.

The attraction of technology

Art has always gone hand-in-hand with epistemologies, to employ the terminology of Michel Foucault, who maintained that the *episteme* is the basis of all knowledge for a certain period, and that it is generally dominant for a number of centuries before giving way to a new episteme.²¹

The digital revolution has transformed our relationships with knowledge, the past, memory and art. Ólöf is critical of the capacity of institutions to deal with

21 "The episteme is not a form of knowledge (connaissance) or type of rationality which, crossing the boundaries of the most varied sciences, manifests the sovereign unity of a subject, a spirit, or a period; it is the totality of relations that can be

discovered, for a given period, between the sciences when one analyses them at the level of discursive regularities." Michel Foucault, *The Archaeology of Knowledge*, New York: Pantheon Books, 1972, p. 191.

reorganisation and obsolescence of stored-up knowledge. In *Musée Islandique* the observer encounters a real collection of real specimens, collected with scientific precision within the parameters of two different eras. In their antiquated form, the specimens make an oddly eccentric impression; they may even strike us as pseudo-scientific, something that in the present day would hardly be classified as science. For it is not only the methods and theories that have evolved: the appearance of science has also changed with the advent of new technologies and media. The world of technology is brought to us in films and computer games – a world of virtual reality, totally at odds with the tangible records of the past. When a contemporary viewer enters the world of contemporary genetics, he/she sees it through the medium of TV and film science, in which that world is presented in terms of sterile laboratories, test tubes, diagrams, latex gloves – and, perhaps above all, via computer screens.

The attraction of the narrative

Musée Islandique is entirely contemporary, in the sense that in contemporary art the artist addresses society and its most urgent issues.²² The term *contemporary art* entails, admittedly, that it is art created in the present, but at the same time it is obvious that not all art created in the present has the present as its subject.²³ While Ólöf's work recalls the temporal dissonance, the discourse that is put forward in the work is contemporary, not historical. The contemporaneity of the work, so to speak, consists in the fact that the work addresses *inter alia* the difficult issue of how and whether to deal with obsolescence of knowledge, documents and data banks in the present.²⁴

In terms of art history, Ólöf's methods are neoconceptual in nature: the theme is a dialogue with epistemologies. In her work Ólöf reminds us of the fact that the role of contemporary arts is no longer bound to aesthetic objectives, but to a discursive context.

Something that began like a bad joke, when Ólöf came across plaster casts of real Icelanders in the Museo de Antropología in the Canary Islands, turned out to be a relic of the lofty scientific discourse of the past. The artist's journey took her to Paris to the Musée de l'Homme on the Place du Trocadéro, and into the research institutes of the University of Iceland, into the discourse of physical

22 Art historian Terry Smith has defined the qualities of contemporary art: "Overall, this is a content-driven art, aware of the influence of ideologies, and concerned above all with issues of nationality, identity, and rights." http://globalartmuseum.de/site/guest_author/298

23 Alexander Alberro, *Periodising Contemporary Art*. http://globalartmuseum.de/site/guest_author/306

24 *Contemporaneity* is used here as defined by Terry Smith: "Contemporary art is multiple, internally differentiating, category-shifting, shape-changing, unpredictable (that is, diverse) – like contemporaneity itself." Terry Smith, *Contemporary Art in Transition: From Late Modern Art to Now*. http://globalartmuseum.de/site/guest_author/298

Verk Ólafar, *Musée Islandique*, má skoða sem hluta af rannsókn hennar á íslenskri menningu. Afsteypurnar, sem Ólöf dregur fram úr geymslum Mannfræðisafnsins í París, afhjúpa á óvæntan hátt samhengi nýlendustefnu Frakka og vísindarannsóknna, náin tengsl stjórnmála og þekkingarsköpunar, um leið og verkið veitir innsýn í þær fagurfræðilegu aðferðir sem vísindamenn notuðu til að skrá sameiginleg og sértæk einkenni mannsins, m.a. út frá líkamsbyggingu og kenningum frenólógíu eða höfuðlagsfræði.²⁵ Ólöf afhjúpar brotkennt og viðkvæmt ástand safnsins. Það er að niðurlotum komið, innihaldið er sundurlaust. Vísindaleg merking þess er löngu gufuð upp og afsteypurnar hafa við það umbreytt í skuggamyndir af einstaklingum. Þær bera í sér, eins og allar myndir, hvarfið, gleymiskuna, jafnt sem minninguna um það sem var, nálægð einstaklinganna. Sýnasafn Jens Pálssonar er enn óræðara. Það stendur miklu nær í tíma og verður þess vegna yfirflæðandi af tilfinningum, minningum og ættfræði. Ljósmyndirnar, hárlökkarnir og lófaförin verða yfirþyrmandi í þessu samhengi þekkingarrofsins.

Í þessu nýja verki nálgast Ólöf menningarsöguna og safnið sem skyld fyrirbæri, sem staði, sem geyma ekki eingöngu sýnishorn og gögn, heldur einnig sameiginlega reynslu Íslendinga, sameiginlegar minningar, og sameiginlega gleymsku. Hún fær áhorfendur til að muna en um leið efast um þau þekkingarlegu viðmið sem Íslendingum af hennar kynslóð og eldri var kennt að virða og meta.

Afstaða og nálgun hennar á sér rætur í eftirlendu-sjónarhorninu, eins og það birtist til að mynda í verkunum *Gull*, *Icelandic Specimen Series*, og *Geirfuglinn*, en hér teygir Ólöf sig mun lengra. Með því að setja söfnin tvö hlið við hlið, nær rannsókn hennar lengra inn í framtíðina. Hún nýtir sér afmarkaða staðbundna frásögn og raunveruleg gögn sem eru varðveitt innan safnanna tveggja. Hún snýr upp á mannfræðisögulegt samhengið og kastar fram spurningum sem eru fyrst og fremst samtímalegar, þ.e. hvaða afstöðu stofnanirnar skuli taka til fortíðarinnar í samtímanum?

Verk Ólafar er margrætt og býður upp á fjölda tenginga. Í því er fólgin staðbundin frásögn og menningarsögulegt samhengi um leið og það er staðsetjanlegt innan þeirra orðræðuheima sem einkenna samtímalistir undanfarinna áratuga. Verkið má lesa út frá greiningu

Hals Foster um aðdráttarafi safnanna í samtímanum og tilhneingingu listamanna til að þúsla saman og reyna að skapa nýjan veruleika, heildarmynd eða frásögn úr brotunum.

Vissulega má greina ákveðna tilhneingingu hjá Ólöfu til að halda í menningararfinn, söguna, en skapa nýja sögu á írónískum forsendum. Setja saman nýjar táknmyndir, allegóríur, eins og hún gerði í verkinu *Gull*, eða í *Geirfuglinum*. Niðurstaða verksins *Musée Islandique* er samt önnur. Afbygging orðræðunnar er áleitnari, efinn er meiri og írónían fjarlægari. Verkið minnir áhorfandann á að rætur hans eru, þrátt fyrir heimsvæðinguna, staðsettar í ákveðnu menningarbundnu samfélagi og þátttaka hvers og eins er mikilvæg í sífelldri endurskoðun tákna samtímans. Að því leyti mætti skoða verkið sem nærtækt dæmi um stofnanagagnrýni þar sem tekist er á við einkenni skipulags, hér í formi vísindarannsóknna og mannfræðikenninga, sjálfsskoðunar gagnvart þekkingunni sem Íslendingar byggja menningarlega sjálfsmynd sína á. Undirtónninn birtist einnig í fagurfræði ljósmyndanna, í þeim vanda sem listamaðurinn stendur frammi fyrir gagnvart ódauðleika hlutanna. Þess vegna mætti einnig skoða verkið sem rannsókn á hlutverki stofnana (liststofnana/menntastofnana) í sambandi við miðlun þekkingar, rannsókna og upplifunar.

.....
25 Frenólógía er rakin til franska lækisins François Joseph Gall (1758–1828) sem setti fram kenningu um að greind og persónuleikaeinkenni, svo sem siðferðiskennd, mætti greina á lögun höfuðkúpunnar. Kenningin var þróuð áfram í aðferðum þeirra Alphonse Bertillon (1853–1914) og

.....
Francis Galton (1822–1911) við lögregluljósmyndun og skráningu líkamsmælinga afbrotamanna. Allan Sekula, „The Body and the Archive“, *The Contest of Meaning, Critical Histories of Photography*, Richard Bolton (ritstj.), Cambridge, MA: The MIT Press, 1999 (1989), bls. 343–388.

anthropology and genetics, into discursive frameworks about the relationship between power and knowledge, and into facts about the breakdown of epistemologies, and the uncertainties of the future of archives and surplus data.

Ólöf's *Musée Islandique* may be viewed as part of her scrutiny of Icelandic culture. The casts she has brought out of the repositories of the Musée de l'Homme reveal in an unexpected way the relationship of French colonialism with scientific research, the close bond between politics and epistemology, while the work provides insight into the aesthetic methods used by scientists to document both shared and individual features of human beings, for instance on the basis of anatomy and theories of phrenology.²⁵ Ólöf uncovers the fragmentary and fragile state of the collection. It is exhausted, its content incoherent. Its scientific significance evaporated long ago, and hence the casts have become shadowy traces of individuals. Like all images, they entail disappearance, oblivion, along with the memory of what was, the presence of the individual.

Jens Pálsson's collection of specimens is even more enigmatic. It is far closer to us in time, and thus it is fraught with emotions, memories and genealogy. The photographs, locks of hair and palm prints become overwhelming in this context of the disjunction of knowledge.

In this new work, Ólöf approaches cultural history, museums and archives as related phenomena: as places which store up not only specimens and documents, but also the shared experience of the Icelanders, collective memories, and collective amnesia. She induces the observer to remember, and at the same time to doubt the criteria of knowledge that Icelanders of her generation and older were taught to respect and value.

Her stance and approach are rooted in the post-colonial attitude, seen for instance in her works *Gull (Treasures)*, *Icelandic Specimen Series* and *Geirfuglinn (Great Auk)*, but in this case Ólöf has gone much further. By juxtaposing the two collections, her study extends into a more distant future. She makes use of defined, local narratives and real objects stored in the two collections. She subverts the anthropological-historical context and poses questions which are primarily contemporary, i.e. how should such institutions deal with the past, in the present?

Ólöf's work is enigmatic and offers many possible connections. It entails a local narrative and cultural context, while it can also be located within the multiple discourses which typify contemporary art in recent decades. The work can be interpreted in terms of Hal Foster's analysis of the appeal of the archive in the present, and the tendency of artists to put fragments together, to try to create from them a new reality, overall picture or narrative.

It is true that one may discern in Ólöf's work a tendency to maintain the cultural narrative or history, but also to create a new story underpinned by irony. To put together new symbols, allegories, as she did in earlier works. In *Musée Islandique*, however, she reaches quite a different conclusion. The deconstruction of the discourse is more aggressive, the doubt greater, the irony more remote. The work reminds the observer that he/she is, despite globalisation, located in a certain culture, and that the participation of each individual is important in the constant revision of signifiers that takes place today. In that sense the work may be seen as an immediate example of criticism of institutions, addressing the character of organisation, in this case in the form of scientific research and anthropological theory, self-examination with regard to knowledge, on which Icelanders base their cultural identity. The subtext is also manifested in the documentary aesthetics of the photographs, in the problem faced by the artist regarding the indestructibility of objects. Hence the work may also be seen as a study of the role of (art or educational) institutions with respect to the imparting of knowledge, research and perception.

.....
25 Phrenology originated with French physician François Joseph Gall (1758–1828), who proposed a theory that intelligence and character traits, such as morality, could be deduced from the shape of the skull. The hypothesis was further developed by Alphonse Bertillon (1853–1914) and

.....
Francis Galton (1822–1911) in their methods of police photography and anthropometry of criminals. Allan Sekula, "The Body and the Archive," *The Contest of Meaning, Critical Histories of Photography*, Richard Bolton (ed.), Cambridge, MA: The MIT Press, 1999 (1989), pp. 343–388.

Heimildir

Alexander Alberro, Periodising Contemporary Art. Sótt 14/04/2012 af http://globalartmuseum.de/site/guest_author/306

Allan Sekula, „The Body and the Archive“, *The Contest of Meaning, Critical Histories of Photography*, Richard Bolton (ritstj.), Cambridge, Massachusetts, London: The MIT Press, 1999 (1989), bls. 343–388.

Auður A. Ólafsdóttir, „Nútímaafsteypur tákmynda: um myndlist Ólafar Nordal“, *Skirnir*, 2003: 177 (haust), bls. 515–525.

Charles Merewether (ritstj.), *The Archive. Documents of contemporary art series*, London, Cambridge, MA, Whitechapel: The MIT Press, 2006.

Édouard Papet (ritstj.), *A fleur de peau. Le moulage sur nature au XIXe siècle*, Paris: Musée d'Orsay/RMN, 2001.

Frank Ponzi, *Ísland á nítjándu öld: leiðangrar og listamenn. 19th-century Iceland: Artists and Odysseys*, Reykjavík: Almenna bókafélagið, 1986.

Gísli Pálsson, Sigurður Örn Guðbjörnsson, „Homo Islandicus – inn að beini“, *TMM*, 2012:2, bls. 4–24.

Hal Foster, „An Archival Impulse“, *October*, Vol. 110 (Autumn, 2004), bls. 3–22. Sótt 25/01/2010 af <http://www.jstor.org/stable/3397555>

Kjartan Ólafsson, „Áform Frakka um nýlendu við Dýrafjörð: Napóleon prins á Íslandi 1856“, *Saga*, 1986, bls. 147–203.

Kjartan Ólafsson, „Dýrafjarðarmálið: Jón forseti og Ísfríðingar á öndverðum meiði“, *Saga*, 1987, bls. 89–166.

Okwui Enwezor, „Archive Fever: Photography Between History and the Monument“, *Archive Fever: Uses of the Document in Contemporary Art*, New York: The International Center of Photography, 2008.

Margret Iversen, „Readymade, Found Object, Photograph“, *Art Journal*, 63:2 (Summer 2004), bls. 44–57.

Michel Foucault, *L'archéologie du savoir*. Ensk þýðing eftir A. M. Sheridan Smith: *The Archaeology of Knowledge*, New York: Pantheon Books, 1972.

Terry Smith, „Introduction: The Contemporaneity Question“, í Terry Smith, Nancy Condee, og Okwui Enwezor (ritstj.), *Antinomies of Art and Culture: Modernity, Postmodernity and Contemporaneity*, Durham, NC: Duke University Press, 2008, bls. 1–19.

Terry Smith, *Contemporary Art in Transition: From Late Modern Art to Now*. Sótt 14/04/2012 af http://globalartmuseum.de/site/guest_author/298

Æsa Sigurjónsdóttir, *Ísland í sjónmáli. Franskir ljósmyndarar á Íslandi 1845–1900/Islande en vue. Photographes français en Islande*, Reykjavík: JPV Forlag/Þjóðminjasafnið, 2000.

Bibliography

Alexander Alberro, Periodising Contemporary Art. Accessed 14/04/2012 from http://globalartmuseum.de/site/guest_author/306

Allan Sekula, „The Body and the Archive“, *The Contest of Meaning, Critical Histories of Photography*, Richard Bolton (ed.), Cambridge, Massachusetts, London: MIT Press, 1999 (1989), pp. 343–388.

Auður A. Ólafsdóttir, „Nútímaafsteypur tákmynda: um myndlist Ólafar Nordal“, *Skirnir*, 2003: 177 (haust), pp. 515–525.

Charles Merewether (ed.), *The Archive. Documents of contemporary art series*, London, Cambridge, MA, Whitechapel: The MIT Press, 2006.

Édouard Papet (ed.), *A fleur de peau. Le moulage sur nature au XIXe siècle*, Paris: Musée d'Orsay/RMN, 2001.

Frank Ponzi, *Ísland á nítjándu öld: leiðangrar og listamenn/19th-century Iceland: Artists and Odysseys*, Reykjavík: Almenna bókafélagið, 1986.

Gísli Pálsson, Sigurður Örn Guðbjörnsson, „Homo Islandicus – inn að beini“, *TMM*, 2012:2, pp. 4–24.

Hal Foster, „An Archival Impulse“, *October*, Vol. 110 (Autumn, 2004), pp. 3–22. Accessed 25/01/2010 from <http://www.jstor.org/stable/3397555>

Kjartan Ólafsson, „Áform Frakka um nýlendu við Dýrafjörð: Napóleon prins á Íslandi 1856“, *Saga*, 1986, pp. 147–203.

Kjartan Ólafsson, „Dýrafjarðarmálið: Jón forseti og Ísfríðingar á öndverðum meiði“, *Saga*, 1987, pp. 89–166.

Okwui Enwezor, „Archive Fever: Photography Between History and the Monument“, *Archive Fever: Uses of the Document in Contemporary Art*, New York: International Center of Photography, 2008.

Margret Iversen, „Readymade, Found Object, Photograph“, *Art Journal*, 63:2 (Summer 2004), pp. 44–57.

Michel Foucault, *L'archéologie du savoir*. English translation by A.M. Sheridan Smith: *The Archaeology of Knowledge*, New York: Pantheon Books, 1972.

Terry Smith, „Introduction: The Contemporaneity Question“, in Terry Smith, Nancy Condee, and Okwui Enwezor (eds.), *Antinomies of Art and Culture: Modernity, Postmodernity and Contemporaneity*, Durham, NC: Duke University Press, 2008, pp. 1–19.

Terry Smith, *Contemporary Art in Transition: From Late Modern Art to Now*. Accessed 14/04/2012 from http://globalartmuseum.de/site/guest_author/298

Æsa Sigurjónsdóttir, *Ísland í sjónmáli. Franskir ljósmyndarar á Íslandi 1845–1900/Islande en vue. Photographes français en Islande*, Reykjavík: JPV Forlag/Þjóðminjasafnið, 2000.

Musée Islandique

Ólöf Nordal

Verkin á sýningunni tileinkar Ólöf Nordal,
móður sinni, Solveigu Jónsdóttur (1932–2012)
*Ólöf Nordal dedicates the works in the exhibition
to her mother, Solveig Jónsdóttir (1932–2012)*



Musée Islandique – Buste en plâtre de
Ragnheidur Olafs Datter, née le 5 février 1838 à
Auteots Gulbringasysset, servante. Islandaise



Musée Islandique – Buste en plâtre de Bjarni Johnson, Islandais, moulé sur le vivant par M. Stahl, peint par M. Froment, 1855



Musée Islandique – Buste en plâtre de Skafti Skartasen,
né à Reykjavik le 2 juillet 1805, mécanicien. Islandais



Musée Islandique - Buste en plâtre de Sigridur Bjarnadotter,
24 ans, née à Reykjavik, servante. Islandaise



Musée Islandique – Moulage de la main de Skafta Skartasen,
né à Reykiavik le 2 juillet 1805, mécanicien



Musée Islandique - La main gauche de Sigridur Bjarnadotter et Thorci Arnardotter, serviteurs islandais



Musée Islandique - Partie antérieure du torse, moulage du membre supérieur gauche, moulage du membre inférieur gauche de Kristian Gislasen, 23 ans, né à Reyjavik, pêcheur islandais



Musée Islandique - Partie antérieure du torse, moulage du membre supérieur gauche, moulage du membre inférieur droit de Pjetter Thordorsen, 28 ans, né à Reykiavik, pêcheur islandais



Musée Islandique - Partie antérieure du torse, moulage du membre supérieur gauche, moulage du membre inférieur gauche de Fridrika Gudmundsdottir, née à Reykjavik le 28 janvier 1819. Islandaise



Musée Islandique - Partie antérieure du torse, moulage du membre supérieur gauche, moulage du membre inférieur droit de Gudrun Bjarnadottir née à Narfastadir en 1839. Islandaise



**Musée Islandique – Bjorn Gunlassen, de 68 años,
profesor, natural de Zaunstelsevc, Islandia**





Das Experiment Island 1



PINGEYINGAR
is Norder-pingeeyiasyslu
(mussel)

INUR

North 50

Handwritten notes on a paper fragment

Handwritten notes on a paper fragment

Handwritten notes on a blue paper fragment

Handwritten notes on a paper fragment



Das Experiment Island II



Das Experiment Island v




Söley bjúker-mendi in Sandeyplöt



1 flöf
búðir skilla
Vik í Myrdal
búðir skilla
Vik í Myrdal

Das Experiment Island VIII

Das Experiment Island IX



Das Experiment Island x





Das Experiment Island IV



Ólöf Nordal (1961–) stundaði nám við Myndlista- og handíðaskóla Íslands. Árið 1991 lauk hún meistaraþráðu frá Cranbrook Academy of Art í Michigan og árið 1993 MFA-gráðu úr höggmyndadeild Yale-háskóla í New Haven, Bandaríkjunum. List Ólafar er að finna í öllum helstu opinberu söfnum á Íslandi, og að auki í ýmsum einkasöfnum víða um heim. Hún hefur hlotið fjölmarga styrki og verðlaun fyrir list sína, svo sem Richard Serraverðlaunin frá Listasafni Íslands árið 2005. Frá 1998 hefur hún haldið átján einkasýningar og tekið þátt í fjölda samsýninga, á Íslandi og erlendis. Ýmis verk hennar hafa verið sett upp á almannafæri, í Reykjavík og út um land, svo sem *Geirfuglinn* (1997) í Skerjafirði, *Bolla-steinn* á Seltjarnarnesi (2005), *Minnisvarðinn um Bríeti Bjarnhéðinsdóttur* (2007) í miðbæ Reykjavíkur og *Fuglar himinsins* (2007) í Ísafjarðarkirkju.

Ólöf Nordal (1961–) studied at the Icelandic College of Arts and Craft. In 1991 she completed a Masters Degree from the Cranbrook Academy of Art in Michigan and in 1993 an MFA degree from the sculpture department of Yale University in New Haven, the United States. Nordal's art can be found in all major public collections in Iceland, as well as in private collections in several countries. She has received various grants and awards for her art, including the Richard Serra Award from the National Gallery of Iceland in 2005. Since 1998 she has held eighteen private exhibitions and taken part in numerous collective exhibitions, in Iceland and abroad. Several of her works have been installed in public spaces in Reykjavik and around Iceland, such as the *Great Auk* (1997) in Skerjafjörður, *Cupstone* (2005) in the town of Seltjarnarnes, the *Bríet Bjarnhéðinsdóttir Memorial* (2007) in the centre of Reykjavik, and *Birds of the Sky* (2007) in the Church of Isafjordur.

Musée Islandique: an encounter between physical anthropology and art

Gísli Pálsson
Sigurður Örn Guðbjörnsson

All around the world, in the collections and archives of universities, institutions and individuals, a vast amount of data and objects is stored, accumulated by anthropologists and archaeologists – in overwhelming quantity. To find oneself in such a storehouse – surrounded by all those bones and hair, fingerprints, endless statistical data, not to mention photographs, and strange tools and equipment – is a remarkable sensation, which can hardly leave one unmoved. And in that way the old and dusty documents and objects that record the physical anatomy of Man, which have sometimes been dismissed as irrelevant in our changing times, attain a new life – which includes a place in art. French artist Christian Boltanski has taken portraits as a theme (Semin, Garb and Kuspit 1997), juxtaposing, for instance, portraits of people in diverse situations. Boltanski has recalled the way he was influenced by the Musée de l’Homme in Paris – the same museum that plays a part in Ólöf Nordal’s exhibition *Musée Islandique*. Such recollections are in fact a common feature of narratives, by both anthropologists and artists.

In Iceland, for example, artist Birgir Andrésón sought through his art to define the nature of the Icelanders. This is manifested in his *Annars vegar fólk/Different People* (1991), which comprises photographs, postcards and drawings of Icelandic vagabonds from around 1900, “people who had no fixed residence as required by law” (Þröstur Helgason 2010:115); in those days the landless were not free to wander at will, but were required to contract themselves to “master” for a year at a time. Birgir commented: “I was looking through a publication from Breiðafjörður in west Iceland, about Ástar-Brandur (“Lovesick Brandur”). He was our most impressive vagabond of all. That was when I started collecting these drifters” (Þröstur Helgason 2010:116). In this context it is interesting that, at the very time when the present authors were dusting off the papers and collections of anthropologist Jens Pálsson, artist Ólöf Nordal was approaching them from a quite different standpoint. In Jens’ storehouse Ólöf seeks inspiration for her ideas and her art. In recent years Ólöf has directed her attention to, among other things, the Musée de l’Homme in Paris, where Icelanders are to be found. In the summer of 1856, when Frenchmen had been fishing off the coast of Iceland, and even made an unsuccessful attempt to establish their own fisheries base in the West Fjords, a French expedition was sent to Iceland. Led by Prince Jérôme Napoléon, a nephew of Napoléon I, the expedition comprised both scientists and artists, whose task was to research and record information on life in the far north.

Musée Islandique: Líkamsmannfræði og myndlist mætast

Gísli Pálsson
Sigurður Örn Guðbjörnsson

Víða um lönd, á söfnum og í arkífum háskóla, stofnana og einstaklinga liggur urmull af gögnum sem mannfræðingar og fornleifafræðingar hafa safnað, yfirþyrmandi magn. Að vera staddur á einhverjum þessara geymslustaða, innan um öll þessi gögn – bein, hár og fingraför og óendanlega tölfraði, að ótöldum ljósmyndum og skringilegum tólum og tækjum – er sérstök tilfinning og skilur margan manninn eftir snortinn á einhvern hátt. Um leið öðlast gömul og rykfallin gögn um líkamsgerð mannsins, sem stundum hafa verið afskrifuð í ljósi breyttra tíma, annað og nýtt líf, meðal annars í myndlist. Mannamyndir hafa verið viðfangsefni franska myndlistarmannsins Christians Boltanski (Semin, Garb og Kuspit 1997), t.d. þar sem hann stillir saman portrettum af fólki í margs konar samhengi. Christian Boltanski hefur rifjað upp þau áhrif sem Mannfræðisafnið í París, það sama og kemur við sögu í sýningu Ólafar *Musée Islandique*, hafði á hann. Slíkar minningar eru reyndar algengar frásagnir bæði meðal mannfræðinga og listamanna.

Hér á Íslandi má nefna Birgi Andrésson sem leitaðist meðal annars við í list sinni að skilgreina Íslendinga. Verk hans *Annars vegar fólk* (1991), sem sett er saman af ljósmyndum, póstkortum og teikningum af íslenskum flækingum frá því um næstsíðustu aldamót (sjá mynd 1), „af fólki sem var hvergi fast í vist, eins og lög gerðu ráð fyrir“ (Þröstur Helgason 2010:115), er í þessum anda. Birgir segir svo frá verki sínu: „Svo var ég að blaða í áttthagariti frá Breiðafirði um Ástar-Brand. Hann er magnaðasti förumaður sem við áttum. Þá byrjaði ég að safna þessum körlum“ (Þröstur Helgason 2010:116). Í þessu samhengi var það skemmtilegt að á sama tíma og höfundar þessara skrifa voru að dusta rykið af gögnum Jens Pálssonar var myndlistarmaðurinn Ólöf Nordal að nálgast þau úr töluvert annarri átt. Í geymslum Jens leitar hún að efnivið í hugmyndir sínar og list sína. Undanfarin ár hefur athygli Ólafar meðal annars beinst að Musée de l'Homme í París þar sem „Íslendingar“ koma við sögu. Sumarið 1856, í kjölfar fiskveiða Frakka hér við land og tilrauna þeirra til að koma sér upp nýlendu í Dýrafirði, kom hingað hópur landkönnuða frá Frakklandi. Fyrir hópnum fór Jerome Napóleon prins, bróðursonur Napóleons Bonaparte. Í hópnum voru bæði vísindamenn og listamenn og var markmið þeirra að skrá og rannsaka líf á norðurslóðum. Meðal annars tóku þeir gífsafsteypur af innfæddum í mannfræðilegum tilgangi. Gripirnir voru 25 að tölu af 13 einstaklingum og voru þeir sýndir á mikilli sýningu í Palais Royal í París, sennilega undir nafninu *Musée Islandique*. Þessar afsteypur voru gerðar í samræmi við ríkjandi hefðir á sviði mannmælingafræða og undirstrika nýlendutengsl og heimsveldisdrauma samtímans. Segja má að viðfangsefni Ólafar beinist bæði að upphafi og lokum mannmælinga. Afsteypurnar í Musée

Among other things they made plaster casts of Icelanders for anthropological purposes. A total of 25 casts were made, of 13 subjects; these were displayed at the Palais Royal in Paris in a large exhibition, probably under the title *Musée Islandique*. The casts, which were made according to the customs of the time in anthropometrics, underline the relationship with the colonialism and imperialism that informed thinking during that era.

Ólöf may be said in her work to be focussing on the beginning and the end of anthropometrics. The plaster casts in the Musée de l'Homme date from the early days of anthropometrics, while the measurements carried out by Jens Pálsson and his collaborators mark the final stage of that science, as a relic of a global power structure which had come to an end. The sun had gone down on the idea of Empire.

Let us briefly consider the history of this branch of science, particularly in Iceland, where it has left behind objects and data which have acquired a new life in the work of artists, after being more-or-less sidelined in scientific thinking. Human bones, and especially skulls, were for many years the most important objects collected by physical anthropologists studying the evolution and diversity of Man. Bones were unearthed, measured, classified and analysed, stored in archives and displayed in museums. Anthropometric equipment was constantly developing: in the eighteenth century the “anthropometron,” in the nineteenth the “craniometer.” A standardised system of anthropological measurement, agreed first at the International Congress of Anthropology and Prehistoric Archaeology in Monaco in 1906, and revised in Geneva in 1912, reinforced this image. This lent credence to the idea that race was a real biological phenomenon, and not simply a construct of ideology, and that racial classification was a normal, even necessary, aspect of the study of mankind. This attitude appears to have been more influential with respect to the arctic regions than elsewhere (Schindler 1985). Enthusiastic collection and measurement of bones was pursued throughout the twentieth century; but with rapid advances in genetics in the latter half of the century DNA supplanted bones and other evidence (text, language, archaeological finds) as the route to understanding human evolution and diversity. Physical anthropology gave way to biological anthropology.

People like us: Norway and the Germanic world

Some of the Icelandic intellectuals who played a leading role in nurturing a sense of nation among Icelanders after centuries of colonial rule had been educated in Germany, where they had adopted the ideology of *Rassenkunde* or racial anthropology, which entailed the concept of a racial hierarchy and “hygiene.” These ideas would have a

powerful impact on German anthropology, and ultimately contribute to the ideology of the Third Reich.

The Icelandic advocates of these ideas maintained the superiority of the Nordic “race.” Some had acquired the racial ideology via Copenhagen (traditional centre of Icelandic intellectual life during the long centuries of Danish rule, which ended in 1918). One of them, physician Guðmundur Hannesson (1866–1946), who served for a time as Iceland’s Medical Director of Health, would play a key role in the history of physical anthropology in Iceland. In 1924 he published an article, (Norræna kynið/The Nordic Race) in the journal *Andvari*: here he introduced Icelandic readers to the ideas of anthropometry, classification of bones, and racial hygiene. Comparing standardised anthropometric data with descriptions in the classic Icelandic sagas (which recount events in the early centuries of Icelandic history after the settlement around 874 AD, and are believed to have been written down in the 12th–14th centuries), he concluded that the ninth-century settlers of Iceland had been exemplars of the Nordic racial type: saga heroes were typically described as tall, fair-haired and blue-eyed.

This exemplifies a striking trait of the early pioneers of physical anthropology in Iceland: the close bond with literature. Icelanders were perceived as the descendants of superior “stock,” who had the capacity to create a new “Golden Age” to rival that of the early centuries of Icelandic freedom, and the flowering of its literature. Dr. Guðmundur Hannesson was in contact with physical anthropologists in Scandinavia, and attended their conferences on racial typology. He also carried out his own studies of living Icelanders, making anthropometric observations of over a thousand people and classifying their cranial type and the colour of their skin, hair and eyes (1925). His research findings were published in German with an abstract in English, and an edited Icelandic version, “Íslendingar mældir”/“Measuring Icelanders”, appeared in *Skírnir* in 1926. The people of Iceland were an ideal subject for anthropological research, due to their supposed racial purity and homogeneity – an idea that would crop up again many decades later when Iceland was heralded as a perfect gene pool for genetic research. Guðmundur was an Icelandic patriot and nationalist. As a physician, he was keen to improve and “purify” Icelandic stock. The Icelandic nation was seen as having grown strong on its remote north Atlantic island, where the battle for existence in harsh Arctic conditions had eliminated weaker and degenerate individuals; and now was the time to bestow on the nation the benefits of racial hygiene. Guðmundur saw this as a preventive measure. While he had sought guidance from Germany,

de l'Homme eru frá árdögum þessara fræða á blómaskeiði nýlendutímans, en mælingar Jens og samstarfsfólks hans mörkuðu endalok þeirra, sem leifar hnattræns valdakerfis sem hafði runnið sitt skeið. Nýlendurnar höfðu orðið að eftirlendum.

Hér stiklum við aðeins á sögu þessara fræða, sérstaklega á Íslandi, sem hafa skilið eftir sig gögn sem öðlast hafa nýtt líf í verkum listamanna, eftir að þeim hefur meira eða minna verið rutt til hliðar í fræðunum. Bein manna, sérstaklega hauskúpur, voru lengi mikilvægust þeirra gagna sem líkamsmannfræðingar söfnuðu við rannsóknir á þróun og breytileika mannsins. Menn grófu upp bein, mældu þau, flokkuðu og greindu, varðveittu þau í arkífum og sýndu á söfnum. Tæki og tól voru í stöðugri þróun, á átjándu öld var það „anthropometron“, „cranio-meter“ á þeirri níttjándu. Reglur um stöðlun mannfræðilegra mælinga sem samþykktar voru, fyrst á Alþjóðþingi mannfræðinga í Mónakó árið 1906 og svo endurskoðaðar í Genf árið 1912, styrktu þessa ímynd. Þær renndu stöðum undir þá hugmynd að kynþættir væru raunveruleg stærð í lífheiminum, óháð hugmyndum manna og að flokkun þeirra væri eðlilegur ef ekki nauðsynlegur þáttur til skilnings á manninum. Sú skoðun virðist hafa verið lífseigari á köldu heimskautasvæðinu en víða annars staðar (Schindler 1985). Ástríðufull söfnun beina og mæling þeirra var stunduð alla tuttugustu öldina, en með örri þróun erfðafræði á síðari hluta aldarinnar tók DNA við af beinum og öðrum gögnum (texta, tungumáli og fornleifum) sem hinn beini vegur til þekkingar á þróun mannsins og breytileika. Á þeirri leið vék líkamsmannfræði fyrir líffræðilegri mannfræði.

Fólk eins og við: Norðmenn og germanski heimurinn
Nokkrir þeirra íslensku menntamanna sem leiddu viðleitni Íslendinga til að mynda samheldna þjóð með sterka sjálfsvitund sóttu menntun sína til Þýskalands og tileinkuðu sér fljótt þarlandar hugmyndir um kynþáttafræði, *Rassenkunde*, um menningarlegt stigveldi og kynhreinun, allt hugmyndir sem áttu eftir að setja sterkan svip á þýska mannfræði og síðan Þriðja ríkið. Í baráttu sinni notuðu þeir hugmyndir um yfirburði norræna kynþáttarins. Sumir báru kynþáttaboðskapinn gegnum Kaupmannahöfn. Einn þeirra, Guðmundur Hannesson (1866–1946) læknir, um tíma landlæknir, átti eftir að leika mikilvægt hlutverk sem varðar sögu íslenskrar líkamsmannfræði. Í grein sinni „Norræna kynið“, sem birtist í *Andvara* 1924, kynnir hann fyrir íslenskum lesendum mannfræðimælingar, flokkun beina og kynhreinun. Með því að bera saman staðlaðar mannfræðilegar mælingar og frásagnir Íslendingasagna, studdi

hann þá hugmynd að landnámsmenn níundu aldar hafi verið fulltrúar hins norræna kynstofns. Dæmigerðar hetjur sagnanna voru hávaxnar, ljóshærðar og bláeygðar.

Hér sjáum við það einkenni fyrstu sporgöngumannanna líkamsmannfræðinnar á Íslandi, hversu nátengd hún er bókmenntunum. Íslendingar voru afkomendur afburðastofns og í þeim bjó möguleiki á nýrri gullöld. Guðmundur Hannesson var í sambandi við líkamsmannfræðinga á Norðurlöndum. Hann sótti ráðstefnur þeirra um flokkun kynþátta og stundaði sjálfur rannsóknir á lífandi Íslendingum, mældi yfir þúsund menn, flokkaði höfuðlag þeirra, húðlit, hár og augnlit (1925). Niðurstöður rannsókna hans komu út á þýsku, með samantekt á ensku, stutt útgáfa birtist á íslensku í greininni „Íslendingar mældir“ í *Skírni* 1926. Íslendingar voru draumaviðfangsefni fyrir mannfræðilegar rannsóknir, vegna ætlaðs hreinleika og einsleitni, viðhorf sem átti eftir að skjóta upp kollinum aftur, löngu síðar. Guðmundur var þjóðernissinnaður og sem læknir hafði hann áhuga á að bæta og hreinsa stofninn. Íslenska þjóðin hefði styrkst í einangrun sinni í Norður-Atlantshafi og barátta hennar við heimskautaöflin sigtað út þá veiku og úrkynjuðu, og nú myndi hún njóta góðs af kynbóta-stefnunni. Í huga Guðmundar var um forvarnir að ræða. Þótt hann hafi litið til Þýskalands eftir leiðsögn og hrifist af mörgu sem þaðan kom, þá virðist hann hafa efast um kenningar nasista og gjörðir þeirra eftir að þeir komust til valda. Guðmundur og fleiri litu á hreinleika kynþáttar, tungumáls og menningar sem mikilvæg þjóðernisleg viðfangsefni.

Fyrsti Íslendingurinn sem hlaut formlega menntun í líkamsmannfræði, Eiður S. Kvaran (1909–1939), hreifst með orðræðu kynþáttafræðanna í námi sínu. Hann lauk doktorsprófi 1936 frá Greifswald í Þýskalandi þar sem hann kenndi einnig íslensk fræði. Doktorsritgerð hans var birt í *Archiv für Rassen- und Gesellschaftsbiologie* en ritstjóri þess var Alfred Ploetz, einarður fylgismaður kynhreinunar og yfirburða norræna stofnsins. Þýskur mann- og erfðafræðingur, Eugene Fischer, sem var kosinn rektor Berlínarháskóla 1933, lofaði nasista fyrir að hafa fyrstir manna bent á mikilvægi kynhreinunar germanskra þjóða, „sérstaklega þeirra norrænu“ (Proctor 1988:1957). Fischer var í miklum metum, lofaður sem „eiginlegur Führer þýskrar mannfræði“, og hafði mikil áhrif á nýja kynslóð fræðimanna. Göfgun hans á norræna kynstofninum höfðaði til margra íslenskra þjóðernissinna. Líkt og Guðmundur Hannesson á undan honum, blandaði Eiður mannfræði sinni við greiningu á forn-sögnum. Hann tók sögurnar bókstaflega og taldi þær sýna að til forna hefðu menn veitt líkamseinkennum nána athygli. Eiður segir sögurnar sýna að Íslendingar hafi „skilið það flestum þjóðum fyrr og flestum þjóðum betur,



Afsteypur Íslendinga í Musée de l'Homme. Casts of Icelanders, Musée de l'Homme (Photo Ólöf Nordal).

and had been impressed by much that came from there, he appears to have been sceptical of Nazi racial theories, and of their actions after the party came to power in the 1930s. Like many others, Guðmundur saw purity of race, language and culture as important issues of national identity.

The first Icelandic anthropologist, Eiður S. Kvaran (1909–1939), was impressed by the discourse on racial anthropology during his student years. In 1936 he completed his doctorate from Greifswald in Germany, where he also taught Icelandic Studies. His doctoral thesis was published in *Archiv für Rassen- und Gesellschaftsbiologie* (Archive for Racial and Social Biology), whose editor, Alfred Ploetz, was a keen advocate of racial hygiene and the superiority of the Nordic race. German anthropologist/geneticist Eugene Fischer, elected rector of the University of Berlin in 1933, praised the Nazis for being the first to point out the importance of cleansing the Germanic nations, “especially the Nordic” (Proctor 1988:1957). Fischer was a respected figure, praised as “the true *Führer* of German anthropology,” who strongly influenced the next generation of scholars. His exaltation of the Nordic race appealed strongly to many Icelandic nationalists. Like Guðmundur Hannesson before him, Eiður S. Kvaran combined his anthropological studies with analysis of the sagas. As was common at the time, he viewed the sagas as reliable historical sources, and interpreted them as indicating that the ancient Icelanders had observed physical characteristics closely. Eiður maintained that the sagas showed that Icelanders had “understood, earlier and

better than most other peoples, that personal qualities and instincts, both bad and good, are heritable, a legacy passed down to them by their forefathers and -mothers. But the legacy is subject to the responsibility not to degrade it by mixing with inferior blood” (Eiður S. Kvaran 1934:84–85).

Eiður compiled a list of terms used in the sagas to describe physical characteristics, with the aim of deducing what races had lived in Iceland at that time. In the sagas he used as sources, he found descriptions of 154 people (most of them male), including twenty foreigners. The sagas place emphasis on physical build, facial features and hair colour:

Physical features ... are here described so clearly and intelligibly that the anthropologist can infer from them, without hesitation, the racial group they represented. These descriptions have much in common with modern anthropological observations; the only difference is that in this instance all observations of their appearance ... are expressed in words, and not in numeric form, as is customary today (Eiður S. Kvaran 1934:83).

“While Old Icelandic descriptions of people are evidence of unusually well-developed perception and intelligence,” Eiður adds, “one cannot of course expect that they should be equivalent in value to the research carried out today according to the discipline of anthropology. While some of the descriptions bear a close resemblance to modern anthropological observations, they do not generally reflect scientific, let alone anthropological, methods” (1934:86). Eiður stated that hair colour was the clearest indicator of our forefathers’ aesthetic sense (1934:93); in the sagas black hair was generally connected to something evil, while fair hair was mentioned in connection with beauty, splendour and dignity.

In Eiður’s writings there is no indication that he was aware of the fallacious reasoning entailed by equating external appearance with character; and the same is true of Dr. Guðmundur Hannesson. Alongside their analysis of the sagas, the anthropologist and the physician measured and classified both living Icelanders and medieval skeletons. Through his writings in the press, Eiður had an impact on Icelanders’ ideas, although this should not be over-stated (Unnur Birna Karlsdóttir 1998:78). He was praised as the master of the Norse heritage. On 11 July 1936 daily *Morgunblaðið* published an article about Eiður and his work:

að eiginleikar manna og eðlishvatir, jafnt illar sem góðar, eru ættgengar, arfur, sem forfeður þeirra og formæður höfðu skilið þeim eftir til umráða. En arfinum fylgdi sú ábyrgð, að gæta þess, að hann spilltist ekki við að blanda blóði við verri ættir“ (Eiður S. Kvaran 1934:84–85).

Eiður tók saman orðaforða fornsagnanna um líkamleg einkenni, í þeim tilgangi að átta sig á hvaða kynþættir byggðu Ísland á þeim tíma. Í sögunum sem hann tók fyrir fann hann lýsingar á 154 mönnum, mest karlmönnum og þar af 20 útlendingum. Mikil áhersla er lögð á vöxt, andlitseinkenni og hárlit:

Líkamseinkennum ... er hér lýst svo skýrt og greinilega, að mannfræðingur getur óhikað dregið af þeim ályktanir um það, af hvaða kynstofni þeir hafa verið. Þessar lýsingar minna mjög á nútíma mannfræðirannsóknir, aðeins er sá munur á, að hér er öllum athugunum á útliti þeirra ... lýst með orðum, en ekki tölum, eins og nú tíðkast (Eiður S. Kvaran 1934:83).

„Enda þótt forníslenskar mannlýsingar beri vott um glöggskyggni og skarpleik á óvenjulega háu stigi,“ bætir Eiður við, „þá er auðvitað ekki við því að búast, að þær hafi eins mikið gildi og rannsóknir þær, sem gerðar eru nú á dögum samkvæmt reglum mannfræðinnar. Þó að sumum mannlýsingunum svipi mjög til nútíma mannfræðiathugana, þá eru þær yfirleitt ekki gerðar eftir vísindalegum sjónarmiðum, hvað þá mannfræðilegum“ (1934:86). Hvað varðar hárlit, en hann sagði Eiður að væri besti mælikvarði á fegurðarskyn forfeðra sinna (1934:93), þá var svart hár oftast tengt einhverju illu en ljóst hár hins vegar nefnt í sömu andrá og fegurð, mikilfengleiki og virðing.

Hvergi sjást þess merki í skrifum Eiðs að hann hafi verið meðvitaður um þær ógöngur sem fylgja slíkum samsömunum ytra útlits og atgervis, og hið sama gildir raunar um skrif Guðmundar Hannessonar. Samhliða greiningu sinni á sögunum mældu líkamsmannfræðingurinn og lækurinn og flokkuðu bæði lifandi fólk og beinagrindur frá miðöldum. Eiður hafði áhrif á hugmyndir hér heima með skrifum í blöð og tímarit, þótt ekki skuli ofmeta þau (Unnur Birna Karlsdóttir 1998:78). Hann var lofaður sem meistari hins norræna arfs. *Morgunblaðið* segir svo frá Eiði og störfum hans 11. júlí árið 1936:

... það er oss mikils virði að eiga góða sonu í virðingarstöðum erlendis, sem kynna land vort og þjóð á þann hátt, er hann hefir gert. – En þar sem við nú höfum eignast efnilegan vísindamann í mannfræði, vísindagrein, sem er lítt rannsókuð hjer, en hin fylsta

nauðsyn er á að gefa góðan gaum, virtist þó öllu eðlilegra og æskilegra, að vjer færðum oss þekkingu hans í nyt á þann hátt að gera honum fært að starfa í vísindagrein sinn hjer á landi, t.d. í sambandi við Háskóla vorn.

Ásamt fleirum stofnaði Eiður Þjóðernishreyfingu Íslendinga. Ferill hans var þó að mestu bundinn Þýskalandi og hann dó ungur, þrítugur að aldri. Skrif hans og líkamspólítík áttu þátt í að leggja fræðilegan og pólitískan átóban milli Berlínar og Reykjavíkur, en fráfall hans og síðari styrjöldin skildu brautina eftir auða í mörg ár, allt þar til Jens Ó.P. Pálsson tók upp sum þeirra viðfangsefna sem legið höfðu í dvala.

Ungur læknir, Jón Steffensen (1905–1991) sem lagði stund á nám í München veturinn 1934–1936, hefði getað haldið áfram starfi Eiðs. Guðmundur Hannesson hvatti hann til að huga að mannfræði. Í bréfi dagsettu 4. maí 1936 skrifar Guðmundur:

Þjer verðið að velja yður eitthvað speciale. Hugsíð þjer yður þrisvar sinnum um áður en þjer gangið fram hjá anthropol. og erfðafræði ... Við ættum að geta rannsakað þessar fáu íslensku hræður svo vel og vandlega að anthropologi þeirra yrði öllum þjóðum lærdómsrik fyrirmynd. ... Það er nú mikil mannfræðisöld í Þýskalandi en þjer hræra helst til mikilli pólitík við hana, þó heilbrigður kjarni sje í öllu þessu, að bæta þjóðina frá grunni.

Jón tók hvatningu Guðmundar alvarlega, ef marka má bréf þess síðarnefnda:

Bréfið gladdi mig stórum, sjerstaklega vegna þess að jeg sje að þjer eruð farnir að hugsa um anthropologiuna. ... Nú gildir um fyrir yður að drukna ekki í öllu moldviðrinu! Menn hafa mokað upp mælingum og litteratur, sem lítið er að treysta, því enn eru þessi fræði í barnæsku og er mest af því ónýtt! En í öllu þessu er mikilvægur kjarni, sem vel má verða mikið ljós á vegum manna. Þjer sjáið að nú reyna þjóðverjar að fara eftir því og máski helst til kritiklaust.

Jón Steffensen átti eftir að sinna mannfræðilegum viðfangsefnum um áratugaskeið, meðfram prófessorsstöðu í læknisfræði við Háskóla Íslands, en hvergi er að finna spor um kynþáttahyggju í skrifum hans, hvað þá hugmyndir um kynhreinsun. Jón greinir sig frá öðrum þeim sem hér er fjallað um að því leyti að hann ræktaði aldrei tengsl sín við Þýskaland og mannfræðigreinar hans birtust ekki á þýsku heldur í tímaritinu *Man*, riti Bresku konunglegu

... it is of great value to us [Icelanders] to have good sons of our nation in positions of distinction abroad, who make known our country and our nation, in the manner he has done. – But, since we have now gained a promising scientist in anthropology (a field of science little studied here, though it deserves the closest scrutiny), it would appear more reasonable and desirable to make use of his knowledge in such a way as to enable him to pursue his scientific work here in Iceland, for instance in connection with our University.

In 1933 Eiður was one of the founding members of Þjóðernishreyfing Íslendinga/The Icelanders' Nationalist Party. His work was, however, largely carried out in Germany, until his early death at the age of 30. His writings, and his political anthropology, established an academic and political *Autobahn* between Berlin and Reykjavík; but after his death, followed by World War II, that link was severed for many years, until Jens Ó.P. Pálsson resumed study of subjects that had long been neglected.

A young physician, Jón Steffensen (1905–1991), who was studying in Munich in 1934–1936, could have continued Eiður's work. Dr. Guðmundur Hannesson urged him to pursue anthropology. In a letter of 4 May 1936 he wrote:

You must choose a speciality. Think about it three times, before you dismiss anthropol. and genetics ... we ought to be able to study our small population of Icelanders so well and in such detail, that their anthropology would set a useful example to other nations. ... There is a great wave of anthropology underway in Germany now, but they stir in rather too much politics – although it's a healthy idea, to improve the nation from the roots.

Jón must have responded positively to Guðmundur's urging, to judge from the latter's reply:

Your letter cheered me greatly, especially because I see that you are considering anthropology ... Now it's important for you not to let yourself be blinded by science! Data and literature have been churned out, which are quite unreliable – for this discipline is still in its infancy, and most of the writings are rubbish! But inside it is an important nugget, which may turn out to be a great beacon in human life. You see that the Germans are now trying to pursue it, but rather too uncritically.

Dr. Jón Steffensen went on to pursue anthropological studies for several decades, while holding the chair of medicine at the University of Iceland. But in his writings there is no trace of racial thinking, let alone any ideas of racial hygiene. Unlike the others discussed here, Jón did not maintain any link with Germany. His anthropological writings were published not in German, but in English in *Man*, the Journal of the Royal Anthropological Institute of Great Britain and Ireland. Perhaps he was influenced by Dr. Guðmundur Hannesson's words of warning against "stirring" too much politics into anthropology. Dr. Jón Steffensen's anthropological observations led to his *magnum opus* on the origins of the Icelanders and their physical characteristics, health and diet (Jón Steffensen 1975). His analysis and measurement of bones in Iceland, Scandinavia and the British Isles was pioneering work; thanks to his diligence and accuracy, he reached conclusions on the origins of the Icelanders which would be confirmed, a quarter of a century later, through human genetic research (Agnar Helgason 2001). Jón also worked for the National Museum of Iceland, and was called in for consultation whenever human bones were unearthed in Iceland.

Physical anthropology takes root


Canadian-Icelandic scientist and explorer Vilhjálmur Stefánsson played an important role in bringing the subject of anthropology to the attention of Icelanders, through his studies of the Inuit (Gísli Pálsson 2003). Before embarking on that research Vilhjálmur had travelled to Iceland with a group of geographers and anthropologists on an archaeological expedition. The anthropologists excavated bones from medieval burial grounds. The Peabody Museum at Harvard contains skeletons and skulls from many different parts of the world, including Icelandic ones from that expedition (Fig. 3). While the initial intention was to explore the relationship between diet and health in the middle ages, questions soon arose about the origins of the Icelanders, and comparison with other nations (Seltzer 1933). In a paper in the *American Journal of Physical Anthropology*, E.A. Hooton wrote that the Icelandic bones had "eskimoid" characteristics (1918:53). While Hooton detects physical similarities between Icelanders and "eskimoos", he points out that this may not be a genetic factor; it is more likely, he writes, that the similarity reflects "physiological adaptations to dietary and general environmental conditions" in the far north (1918:74).

mannfræðistofnunarinnar. Kannski hrifu viðvörunarorð Guðmundar Hannessonar um að „hræra“ ekki of mikilli pólitík við mannfræðina. Mannfræðilegar mælingar hans skiluðu sér í stórvirki hans um uppruna Íslendinga, líkamsgerð, heilsufar og mataræði (Jón Steffensen 1975). Niðurstöður mælinga hans á beinum hér, á Norður-löndum og Bretlandseyjum voru tímamótaverk og með nákvæmni sinni og eljusemi komst hann mjög nærri niðurstöðum mannfraeðingum um aldarfjórðungi síðar um uppruna Íslendinga (Agnar Helgason 2001). Jón starfaði einnig fyrir Þjóðminjasafnið og var kallaður til í hvert sinn sem mannabein fundust.

Líkamsmannfræðin festist í sessi

Vilhjálmur Stefánsson átti stóran þátt í því að kynna mannfræði fyrir almennum Íslendingum með rannsókn- um sínum meðal inuíta (Gísli Pálsson 2003). Áður en hann hóf þær rannsóknir tók Vilhjálmur þátt í forn-leifaleiðangri til Íslands. Ferðaðist hann til Íslands með hópi landfræðinga og kollega úr mannfræðinni. Mannfræðingarnir unnu að uppgreifri á beinum úr kirkju-görðum frá miðöldum. Í Peabody-safni Harvard-háskóla eru geymdar beinagrindur og hauskúpur margra þjóða, m.a. hauskúpur Íslendinga úr þessum leiðangri (mynd 3). Upphaflega var tilgangurinn að grafast fyrir um samband mataræðis og heilsu á miðöldum, en fljótlega vöktu beinin ýmsar spurningar um uppruna landsmanna og samanburð við aðrar þjóðir (Seltzer 1933). Í grein sem birtist í *American Journal of Physical Anthropology* segir Hooton áberandi hversu íslensku beinin séu lík beinum eskimóa (1918:53). Þótt Hooton greini ákveðin líkamleg líkindi með Íslendingum og eskimóum, segir hann það ekki endilega erfðafraeðilega ákvarðað, líklegra, segir hann, að um sé að ræða „líffraeðilega aðlögun að svipuðu mataræði og umhverfi“ á norðurslóðum (1918:74).

Það kom svo í hlut Haraldar Ólafssonar og Jens Pálssonar að tryggja mannfræðinni sess, bæði í háskólanum og í samfélaginu. Þeir sem fóru á undan Jens í líkamsmannfræði tóku aðra stefnu. Eiður dó ungur en Guðmundur og Jón urðu læknar. Rætur mannfræðiáhuga Jens Pálssonar (1926–2002) lágu djúpt. Í blaðaviðtali rekur hann hvernig áhugi hans á ólíkum manngerðum hafi kviknað í barnæsku. Hann klippti út í pappír, teiknaði og málaði alls konar manngerðir, annaðhvort samkvæmt eigin ímyndunarafli eða hermdi eftir myndum. „Ég safnaði slíku pappírsofólki og flokkaði það í kynþætti og þjóðir. Þar voru blámenn frá Afríku, Indverjar, Mongólar og hvítir“ (Dagur Þorleifsson 1966). Síðar á lífsleiðinni í mannfræðinámi, fyrst í Berkeley og síðar í Uppsölum og Mainz, skipti hann pappírsofólkinu út fyrir lifandi líkama. Þegar höfð eru í huga þau áhrif sem nasisminn hafði



Íslendinganýlendan við Harvard-háskóla. The skeletal Icelandic colony at Harvard University (Photo Gísli Pálsson).

á þýska mannfræði og þá viðkvæmu aðstöðu sem hún bjó við í Þýskalandi eftir seinna stríð er það athyglisvert að Jens skyldi ákveða að halda námi sínu áfram þar. Hann varði doktorsritgerð sína við mannfræðideild Mainz-háskóla árið 1967. Þar fann hann jarðveg fyrir áhuga sinn á þjóðum og kynþáttum og var styrktur til þess fjárhagslega. Sérstaklega naut hann stuðnings Ilse Schwidetzky sem var yfir mannfræðideildinni og var mjög áhugasöm um að fá aðgang að íslenskum gögnum. Ilse leiðbeindi honum við doktorsnámið og greiddi götu hans að styrk frá Alexander Von Humboldt-Stiftung.

Eftir að Jens kom heim úr námi barðist hann ákaft fyrir eflingu mannfræðirannsókna í íslensku samhengi. Í lok sjöunda áratugarins og á þeim áttunda stofnaði hann, næstum einn og óstuddur, Mannfræðifélag Íslands (með ekki færri en 300 meðlimum á einhverjum tíma, þar á meðal forseta Íslands, Ásgeiri Ásgeirssyni) og Mannfræðistofnun. Í þessu starfi naut hann tengsla sinna við öflun fjármagns og hugkvæmni í samskiptum við fjölmörg. Hann var oft í kastljósi blaða og reglulega tekin við hann viðtöl, sem sýnir almennan áhuga meðal almennings um sögu og líkamsgerð Íslendinga, breytileika milli landshluta og samanburð við aðrar þjóðir. Viðföngin stilltu sér sjálfviljug upp til að vera mæld og ljósmynduð. Margir Íslendingar muna ljóslega eftir því frá skólaárum sínum að hafa tekið þátt í þessum mælingum.

